STJÓRNARTÍÐINDI B 55 — 1988

16. júní 1988 1039 Nr. 421

REGLUGERÐ

um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu.

Efnisyfirlit:

A. HLUTI: Gerð lyfseðla og ávísun lyfja.
B. HLUTI: Afgreiðsla lyfja.
C. HLUTI: Merking lyfja.
D. HLUTI: Viðurlög og gildistaka.

Viðauki 1: Form lyfseðils.
Viðauki 2: Form símalyfseðils.
Viðauki 3: Listi yfir lyfseðilsskyld lyf og efni; nær ennfremur til salta og estra og hvers konar annarra efnasambanda þeirra.
Viðauki 4: Listi yfir undanþágur frá lyfseðilsskyldu nokkurra lyfja.
Viðauki 5: Leiðbeiningar um merkingu lyfja, sbr. C. hluta þessarar reglugerðar.
Viðauki 6: Íslensk heiti lyfjaforma og skilgreining þeirra.
Viðauki 7: Skrá yfir lyfjaefni og skráð sérlyf (pr. 1. október 1987), sem geta skert hæfni manna til aksturs bifreiða og/eða stjórnunar annarra véla, og skulu því merkt varúðarþríhyrningi, sbr. C hluta þessarar reglugerðar 57. gr. h-staflið; sbr. einnig viðauka 5 (Um XVII. kafla, (57. gr.) h-staflið).

A. HLUTI: GERÐ LYFSEÐLA OG ÁVÍSUN LYFJA.

I. KAFLI

Almenn ákvæði um ávísun lyfja.

1. gr.

Lyfseðill er lyfjaávísun gefin út af lækni, tannlækni eða dýralækni, er hefur leyfi til að stunda lækningar hér á landi (tannlækningar, dýralækningar). Dýralæknum er einum og einungis heimilt að ávísa lyfjum til dýralækninga samkvæmt ákvæðum V. kafla. Tannlæknum er einungis heimilt að ávísa nánar tilgreindum lyfjum vegna starfa sinna samkvæmt ákvæðum VI. kafla.

Lyfjaávísanir lækna, sem hafa lækningaleyfi í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð, eru gildar hér á landi samkvæmt nánar tilteknum reglum, sem gefnar eru út af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

Svipta má lækni rétti til þess að ávísa tilgreindum ávana- og fíknilyfjum (sbr. 20. gr. læknalaga nr. 53 19. maí 1988).

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

2. gr.

Lækni er heimilt að ávísa sjálfum sér með lyfseðli lyfjum til nota í starfi, sbr. ákvæði 11. gr. Á sama hátt er lækni, er starfar á sjúkrahúsi, heilsugæslustöð eða annarri hliðstæðri stofnun, heimilt að ávísa slíkum stofnunum lyfjum. Heimilt er lækni ennfremur að ávísa skipstjóra eða flugstjóra lyfjum í lyfjakistur skipa og loftfara.

3. gr.

Nú er læknanema eða dýralæknanema veitt tímabundið lækningaleyfi til þess að gegna ákveðnu starfi samkvæmt 4. gr. læknalaga nr. 53/1988 og 15. gr. laga um dýralækna nr. 77/1981 og hefur hann þá, meðan lækningaleyfi hans gildir, fullan rétt til að ávísa lyfjum með lyfseðli. Sá sem hlýtur slíkt leyfi skal tilkynna apótekum í viðkomandi heilsugæsluumdæmi tafarlaust um gildistíma slíks leyfis. Heilbrigðisráðuneytið sendir viðkomandi apótekum staðfestingu á veitingu slíkra leyfa til læknanema og yfirdýralæknir til dýralæknanema.

Heilbrigðisráðuneytið tilkynnir apótekum reglulega um veitingu nýrra lækningaleyfa, svo og um sviptingu eða takmarkanir á lækningaleyfum og yfirdýralæknir skal gera slíkt hið sama varðandi dýralækna.

4. gr.

Ef læknakandídat starfar á spítaladeild, heilsugæslustöð eða hliðstæðri stofnun, er honum heimilt að ávísa slíkri stofnun eða sjúklingum, sem þar eru til lækninga, lyfjum með lyfseðli, sem auðkenndur er stofnuninni með prentuðu máli eða stimpli, enda skal hann ávallt rita orðin cand.med. við eiginhandaráritun. Þó er læknakandídat í slíkum tilvikum ekki heimilt að ávísa lyfjum í síma, né heldur eftirritunarskyldum lyfjum.

Ákvæði þessarar greinar ná ennfremur til læknanema, er gegnir stöðu læknakandídats tímabundið, og skal hann rita orðin stud. med. í stöðu cand. med. við eiginhandaráritun.

5. gr.

Um afhendingu eiturefna fer samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum um eiturefni og hættuleg efni.

Óheimilt er að ávísa með lyfseðli eiturefnum nema því aðeins, að hlutaðeigandi efni séu einnig skráð í lyfjastöðlum eða viðurkenndum lyfjaforskriftabókum og látin úti í þeim formum, sem þar greinir, eða þau séu í skráðum sérlyfjum.

6. gr.

Öll almenn ákvæði um ávísun lækna á lyf eiga jafnframt við um ávísanir dýralækna og tannlækna með þeim takmörkunum, sem fram koma í V. og VI. kafla.

II. KAFLI

Gerð lyfseðla.

7. gr.

Lyfseðill skal ritaður með bleki eða vélritaður á staðlað eyðublað í því formi, sem greint er í viðauka 1 með reglugerð þessari. Lyfseðill skal vera greinilega ritaður og án tvímæla og engar skammstafanir viðhafðar, er geta valdið misskilningi. Útgefandi lyfseðils skal, auk staðfestingar með undirskrift og dagsetningar, rita kódanúmer sitt samkvæmt gildandi læknaskrá. Á lyfseðil skal prenta, stimpla eða skrifa með prentstöfum nafn, stöðuheiti, aðsetur og símanúmer útgefanda. Útgefandi má aðeins rita annars vegar á lyfseðilseyðublað.

Geta skal þess ætíð á lyfseðli, hverjum lyfið er ætlað og miða magn lyfja, sem ávísað er, við þarfir. Jafnframt nafni sjúklings skal geta heimilisfangs og kennitölu hans eða heimilisfangs eiganda dýrs, ef um dýr er að ræða. Sé sjúklingur ellilífeyrisþegi eða 75% öryrki eða meira, skal það greint á lyfseðli.

8. gr.

Sérlyfjum skal ávísað með þeim heitum og í þeim pakkningastærðum, sem skráðar eru í Sérlyfjaskrá.

Lyfjafræðingi (þar sem getið er lyfjafræðings í reglugerð þessari er einnig átt við aðstoðarlyfjafræðing, nema annað sé tekið fram) er heimilt að breyta ávísuðu magni lyfs í pakkningastærð eða pakkningastærðir, sem eru næstar ávísuðu magni. Ef um eftirritunarskylt lyf (sbr. 15. gr.) er að ræða, er þó einungis heimilt að breyta í pakkningastærð, sem er minni en ávísað magn.

Óski útgefandi lyfseðils að ávísa lyfi í öðru magni en skráðum pakkningastærðum, skal hann auðkenna það með því að skrifa tölugildi magns í bókstöfum.

Óski útgefandi lyfseðils að ávísuð lyf séu afhent í skammtaöskju (dagsskammtur, vikuskammtur), er lyfjafræðingi heimilt að rjúfa skráðar pakkningar í því skyni, og telst skammtaaskjan þá sem umbúðir.

Um önnur lyf en sérlyf gildir, að heiti lyfs (virks efnis), lyfjaforms og hjálparefna skal að jafnaði rita samkvæmt lyfjaskrá eða lyfjastöðlum ásamt fyrirmælum um það, á hvern hátt lyfið óskast gert, ef um forskriftarlyf læknis (ordinatio magistralis) er að ræða. Óskist lyf gert eftir ákveðinni forskriftabók, skal þess greinilega getið á lyfseðli.

Þyngd skal tilgreina í grömmum, milligrömmum eða míkrógrömmum og er heimilt að nota skammstafanirnar g, mg og míkróg. Ef þyngd er tilgreind með tugabroti, er óheimilt að rita núll næst á eftir kommu.

9. gr.

Útgefandi lyfseðils skal tilgreina á lyfseðli, hvernig nota á ávísað lyf. Skal það greint á þann hátt, að auðskilið sé fyrir notanda lyfsins, hvernig og hvenær nota á lyfið, og skal þá, sé það unnt, greina bæði einstakan skammt og dagsskammt. Auk þess skal getið við hverju lyfið er gefið, en víkja má frá því, ef læknir telur það þjóna hagsmunum sjúklings.

Ef þörf er á, að lyf sé afgreitt án tafar, skrifar útgefandi orðið Cito eða annað orð sömu merkingar á lyfseðilinn.

10. gr.

Óski útgefandi lyfseðils að gefinn sé stærri skammtur eða minni af lyfi en nemur venjulegum einstökum skammti eða dagsskammti samkvæmt Sérlyfjaskrá og/eða öðrum viðurkenndum handbókum, skal geta þess sérstaklega á lyfseðli með því að greina skammtastærðir bæði með tölum og bókstöfum.

11. gr.

Hljóði lyfseðill á lyf, sem útgefandi hyggst nota í starfi, skal árita lyfseðil orðunum **til nota í starfi** eða **ad usum practici.**

Hljóði lyfseðill á lyf, sem útgefandi hyggst nota handa sjálfum sér, skal hann árita hann orðunum **til eigin nota, ad usum proprium** eða **mihi.**

III. KAFLI

Ávísun lyfja í síma.

12. gr.

Við ávísun lyfja í síma skal gæta fyrirmæla I. og II. kafla að svo miklu leyti, sem þau eiga við. Sérákvæði gilda um ávísanir ávana- og fíknilyfja í síma, sbr. 17. gr.

Einungis lækni (tannlækni, dýralækni) er heimilt að lesa lyfseðil í síma. Á sama hátt er lyfjafræðingi einum heimilt að rita lyfseðil, sem lesinn er í síma. Viðtakandi símalyfseðils skal, ef þörf gerist, biðja útgefanda um upplýsingar, er nægja til þess að sanna, að útgefandi segi rétt til sín. Þessa skal sérstaklega gætt við ávísun á ávana- og fíknilyfjum í síma og skal útgefandi þá lesa viðtakanda fæðingardag og ár og kennitölu þess, sem lyfseðill er stílaður á.

Lyfjaávísanir í síma skal takmarka svo sem frekast er unnt.

13. gr.

Útgefandi skal lesa lyfseðilinn fyrir þannig, að viðtakanda gefist tími til þess að eftirrita hann þegar í stað á þar til gert símalyfseðilseyðublað og lesa lyfseðilinn fyrir útgefanda. Viðtakandi skal rita á símalyfseðilseyðublaðið nafn útgefanda og kódanúmer. Auk þess skal hann rita nafn sjúklings, heimilisfang og kennitölu, heiti lyfs, ávísað magn og fyrirmæli um notkun, dagsetningu og nafn sitt eða kódanúmer. Sé sjúklingur ellilífeyrisþegi eða 75% öryrki eða meira, skal það greint á lyfseðli.

14. gr.

Á símalyfseðilseyðublað skal vera prentað orðið **SÍMALYFSEÐILL** og númer eyðublaðsins í töluröð. Skal eyðublaðið vera í samræmi við sýnishorn í viðauka 2 með reglugerð þessari.

Símalyfseðill **skal** vera í tvíriti. Skal frumritið notað við afgreiðslu lyfsins en afriti haldið eftir. Afritið skal geyma í 6 mánuði frá ritun þess, en síðan eyðileggja á tryggilegan hátt.

IV. KAFLI

Um ávísun ávana- og fíknilyfja.

15. gr.

a. Eftirtalin ávana- og fíknilyf eru eftirritunarskyld og ávísanir á þau bannaðar nema að fenginni sérstakri heimild, sbr. auglýsingu nr. 84/1986 um takmarkanir á ávísunum lækna á amfetamín og nokkur fleiri lyf:
   Amfetaminum INN
   Dexamfetaminum INN
   Methylphenidatum INN (t.d. Ritalin).
   Pemolinum INN (t.d. Hyton Asa).
b. Eftirtalin ávana- og fíknilyf eru eftirritunarskyld:
   Aethylmorphinum, ef magn fer fram úr 1 g.
   Amobarbitalum INN (Pentymalum NFN)
   Aprobarbitalum INN (Allypropymalum NFN); sbr. einnig 16. gr.
   Buprenorphinum INN (t.d. Temgesic).
   Carisoprodolum INN (t.d. Somadril, Somadril comp.); sbr. einnig 16. gr.
   Cocaini hydrochloridum (sbr. auglýsingu nr. 314/1981 (aðeins heimilað í augndropum 20 mg/ml (2%) og upplausn 40 mg/ml (4%)).
   Codeinum, ef magn fer fram úr 1 g.
   Dextropropoxyphenum INN (t.d. Abalgin).
   Diphenoxylatum INN, nema lyf í samsetningum, sem innihalda 2,5 mg af difenoxýlati í hverjum skammti og atrópínsúlfat í magni, sem samsvarar eigi minna en einum hundraðshluta af innihaldi difenoxýlats (t.d. Retardin).
   Etorphinum INN
   Fentanylum INN (t.d. Leptanal).
   Glutethimidum INN; sbr. einnig 16. gr.
   Hydrocodonum INN (Hydroconum)
   Meprobamatum INN, nema í samsetningum, sem innihalda 100 mg af mepróbamati eða minna í hverjum skammti (t.d. Anervan); sbr. einnig 16. gr.
   Methadonum INN
   Methaqualonum INN; sbr. einnig 16. gr.
   Morphinum
   Opium, ef magn er umfram 1 g. Óblandaðir ópíumdropar, ópíumendaþarmsstílar og ópíumtöflur eru þó ávallt eftirritunarskyld.

Oxycodonum INN (Oxiconum)
Pentazocinum INN (t.d. Fortral).
Pentobarbitalum INN (Mebumalum NFN); sbr. einnig 16. gr.
Pethidinum INN
Phenterminum INN
Pholcodinum INN
Secobarbitalum INN (Meballymalum NFN); sbr. einnig 16. gr.
Tetraponum
Thebaconum INN

16. gr.

Eigi má ávísa einstaklingi í einu þeim ávana- og fíknilyfjum, er nú verða talin, söltum þeirra eða estrum í meira magni eða stærri einstökum skömmtum en hér greinir, nema annað sé tekið fram sérstaklega:

Efni	Hámarksmagn, sem ávísa má með lyfseðli	Dæmi og undantekningar (merktar *)
Aethallymalum INN	3 g	
Allobarbitalum INN (Diallymalum NFN)	3 g	
Alprazolamum INN	25 g	Tafil, töflur 0,25 mg: 100 stk. Tafil, töflur 0,5 mg: 50 stk.
Amobarbitalum INN (Pentymalum NFN)	3 g	
Aprobarbitalum INN (Allopropymalum NFN); sbr. einnig 15. gr.	3 g	
Apronalum INN	5 g	
Barbitalum INN (Diemalum NFN)	5 g	
Bromazepamum INN	300 mg	Lexotan, töflur 1,5 mg: 200 stk. Lexotan, töflur 3 mg: 100 stk. Lexotan, töflur 6 mg: 50 stk.
Carisoprodolum INN; sbr. einnig 15. gr.	21 g	Somadril, töflur: 60 stk. Somadril comp., töflur: 100 stk.
Chlordiazepoxidum INN	500 mg	Klórdíazepoxíð, töflur 5 mg: 100 stk. Klórdíazepoxíð, töflur 10 mg: 50 stk. Librium, töflur 5 mg: 100 stk. Librium, töflur 10 mg: 50 stk. *Librium, töflur 25 mg: 25 stk.

Efni	Hámarksmagn, sem ávísa má með lyfseðli	Dæmi og undantekningar (merktar *)
Cyclobarbitalum INN (Hexemalum NFN)	3 g	
Diazepamum INN Sérstök ákvæði: Óheimilt er að ávísa hylkjum, töflum eða skömmtum í stærri einstökum skömmtum en 5 mg.	250 mg	*Díazepam, töflur 2 mg: 130 stk. Díazepam, töflur 5 mg: 50 stk. Stesolid, endaþarmsstílar 5 mg: 50 stk. Stesolid, endaþarmsstílar 10 mg: 25 stk. Stesolid, innhellislyf 2 mg/ml: túpa 2,5 ml x 50. Stesolid, innhellislyf 4 mg/ml: túpa 2,5 ml x 25. Stesolid, stungulyf 5 mg/ml: amp. 2 ml x 25. *Stesolid, töflur 2 mg: 130 stk. Stesolid, töflur 5 mg: 50 stk. Stesolid Novum, stungulyf 5 mg/ml: amp. 2 ml x 20. Valium, stungulyf 5 mg/ml: amp. 2 ml x 25. *Valium, töflur 2 mg: 130 stk. Valium, töflur 5 mg: 50 stk.
Flunitrazepamum INN	30 mg	Rohypnol, töflur 1 mg: 30 stk.
Flurazepamum INN	1,5 g	Dalmadorm, hylki 15 mg: 100 stk. *Dalmadorm, hylki 30 mg: 60 stk.
Glutethimidum INN; sbr. einnig 15. gr.	5 g	
Heptabarbum INN (Heptamalum NFN)	3 g	
Hexobarbitalum INN (Enhexymalum NFN)	5 g	
Medazepamum INN	300 mg	
Meprobamatum INN; sbr. einnig 15. gr.	20 g	Anervan, töflur: 200 stk.
Methaqualonum INN; sbr. einnig 15. gr.	3,75 g	
Methocarbamolum INN	25 g	Tresortil, töflur 250 mg: 100 stk. Tresortil, töflur 500 mg: 50 stk.
Midazolamum INN	75 mg	Dormicum, stungulyf 5 mg/ml: amp. 3 ml x 5.
Nitrazepamum INN	250 mg	Dumolid, töflur 5 mg: 50 stk. Mogadon, töflur 5 mg: 50 stk. Pacisyn, töflur 2,5 mg: 100 stk. Pacisyn, töflur 5 mg: 50 stk.
Oxazepamum INN	1,5 g	Serepax, töflur 15 mg: 100 stk. Sobril, töflur 10 mg: 150 stk. Sobril, töflur 15 mg: 100 stk. *Sobril, töflur 25 mg: 50 stk.

Efni	Hámarksmagn, sem ávísa má með lyfseðli	Dæmi og undantekningar (merktar *)
Pentobarbitalum INN (Mebumalum NFN); sbr. einnig 15. gr.	3 g	
Phenprobamatum INN	40 g	Gamaquil, töflur 400 mg: 100 stk.
Secbutabarbitalum INN (Secumalum NFN)	5 g	
Secobarbitalum INN (Meballymalum NFN); sbr. einnig 15. gr.	3 g	
Triazolamum INN	7,5 mg	Asepín, töflur 0,125 mg: 60 stk. Asepín, töflur 0,25 mg: 30 stk. Halcion, töflur 0,125 mg: 60 stk. Halcion, töflur 0,25 mg: 30 stk. Tríon, töflur 0,125 mg: 60 stk. Tríon, töflur 0,25 mg: 30 stk.

17. gr.

Um ávísanir eftirritunarskyldra lyfja (sbr. 15. gr.) í síma gilda eftirfarandi ákvæði:

a. **Amfetaminum INN, Dexamfetaminum INN, Methylphenidatum INN** (t.d. Ritalin) og **Pemolinum INN** (t.d. Hyton Asa) er óheimilt að ávísa í síma.

b. Öðrum eftirritunarskyldum lyfjum má einungis ávísa í síma í lyfjaformunum endaþarmsstílum, hylkjum, skömmtum eða töflum og mest í 5 einingum handa einstaklingi hverju sinni.

c. Undanþágur frá ákvæðum b-stafliðs:

1. **Aethylmorphinum:**
Í skömmtuðu lyfjaformi eða **fljótandi lyfjaformi til inntöku,** ef heildarmagn er 1 g eða minna, nema önnur eftirritunarskyld efni séu í lyfjaforminu.
2. **Codeinum:**
Í skömmtuðu lyfjaformi eða **fljótandi lyfjaformi til inntöku,** ef heildarmagn er 1 g eða minna, nema önnur eftirritunarskyld efni séu í lyfjaforminu.
3. **Pholcodinum INN:**
Í fljótandi lyfjaformi til inntöku, ef heildarmagn er 300 mg eða minna, nema önnur eftirritunarskyld efni séu í lyfjaforminu.
4. **Opium:**
Í fljótandi lyfjaformi til inntöku, ef heildarmagn er 1 g eða minna, nema önnur eftirritunarskyld efni séu í lyfjaforminu.

18. gr.

Útgefandi skal rita lyfseðla á eftirritunarskyld lyf með eigin hendi og jafnframt rita ávallt nafn og kennitölu (vegabréfs- eða persónunúmer útlendings) sjúklings á slíka lyfseðla.

Útgefandi skal rita magn eða einingafjölda eftirritunarskylds lyfs bæði með tölustöfum og bókstöfum.

Viðtakandi eftirritunarskylds lyfs skal staðfesta móttöku þess með eiginhandaráritun á bakhlið lyfseðils og rita jafnframt kennitölu sína.

19. gr.

Ef lyfseðli, sem hljóðar á eftirritunarskyld lyf, er í einhverju ábótavant, samkvæmt almennum ákvæðum eða sérákvæðum þessarar reglugerðar, telst hann ógildur, uns hann hefur verið borinn undir útgefanda og leiðréttur, sbr. þó 20. gr.

20. gr.

Ef lyfjum þeim, sem talin eru í 16. gr., er ávísað í afmældum lyfjaformum og einingafjöldi er meiri en svarar til þess hámarksmagns, sem þar er greint, er lyfjafræðingi skylt að leiðrétta lyfseðilinn með tilliti til þessa og er honum heimilt að gera það án samráðs við útgefanda. Breytingar á lyfseðlum, gerðar samkvæmt ofansögðu, skal lyfjafræðingur auðkenna dagsetningu og fangamarki sínu.

21. gr.

Ef ávísað er með sama lyfseðli eftirritunarskyldu ávana- og fíknilyfi og öðrum lyfjum og þau síðarnefndu hafa verið strikuð út af lyfseðlinum, er óheimilt að afgreiða hann.

V. KAFLI

Lyf til dýralækninga.

22. gr.

Dýralæknum er einum og einungis heimilt að ávísa með lyfseðli lyfjum til dýralækninga. Lyfseðil skal stíla á dýrategund þá, sem lyfið er ætlað, eiganda dýrsins og heimilisfang hans.

Menn, sem starfa samkvæmt 16. gr. laga nr. 77 1. október 1981 um dýralækna, eiga rétt til þess að afla sér lyfja hjá héraðsdýralækni eða samkvæmt ávísun hans.

23. gr.

Lyf, sem innihalda eftirtalin efni, má eingöngu ávísa handa dýrum að fengnu skriflegu eða munnlegu samþykki yfirdýralæknis hverju sinni: Arsenik, klófenótan (sjá þó viðauka 4), klóramfeníkól, samtengd efnasambönd með verkan kynhormóna (sjá þó ákvæði f-liðs 24. gr.) og skjaldkirtilslyf.

24. gr.

Eftirtalin lyf má eingöngu nota handa dýrum, þegar dýralæknir gefur þau sjálfur og má því einungis afgreiða þau til dýralækna:

a. Verkjastillandi lyf til inndælingar.
b. Svæfingalyf til inndælingar.
c. Sefandi lyf til inndælingar.
d. Róandi lyf til inndælingar.
e. Ávana- og fíknilyf.
f. Eftirtalin hormónalyf eða lyf með samsvarandi verkun:
   Andrógen efni, gestagen efni, gónadótróp hormón, estrógenir sterar, barksterar, prostaglandín efni. Ákvæði þetta tekur þó ekki til skeiðarsvampa, sem innihalda medroxíprógesterón og sölt þess eða estra og notaðir eru til að samstilla gangmál hjá ám, enda sé notkun lyfsins eingöngu í höndum dýralæknis eða frjótæknis starfandi við sæðingastöð, en sæðingastöð má afla sér lyfsins, að fengnu skriflegu samþykki héraðsdýralæknis.

25. gr.

Afurðir af dýrum, sem gefið hefur verið hormónalyf, róandi lyf, verkjastillandi lyf, sýklalyf eða sníklalyf, eru óhæfar til manneldis meðan á lyfjameðferð stendur og fyrstu 3 sólarhringana eftir lok lyfjameðferðar hið skemmsta, nema heilbrigðisyfirvöld gefi fyrirmæli um annað. Lyfjum þessum skulu fylgja skriflegar leiðbeiningar og ber dýralækni hverju sinni að gera eiganda dýrs sérstaka grein fyrir því, hve lengi afurðir eru óhæfar til manneldis.

26. gr.

Ákvæði 24. og 25. gr. taka þó ekki til taflna, sem innihalda medroxíprógesterón og sölt þess eða estra og ætlaðar eru hundum og köttum.

27. gr.

Sermi og bóluefni handa dýrum eru lyfseðilsskyld (sbr. þó undanþágu í XII. kafla þessarar reglugerðar, 50. gr.). Erlend ónæmisefni handa dýrum, s.s. gegn kattafári, hundapest, hundaæði, til notkunar handa fiskum eða fuglum o.s.frv., má einungis flytja inn og nota að fengnu skriflegu eða munnlegu samþykki yfirdýralæknis hverju sinni. (Sbr. lög um ónæmisaðgerðir nr. 38 11. maí 1978 og lög um breyting á sömu lögum nr. 28 16. maí 1984).

Samkvæmt ákvæðum 38. gr. laga um lyfjadreifingu nr. 76 21. maí 1982, er einungis Lyfjaverslun ríkisins heimilt að flytja inn bóluefni og ónæmisefni.

28. gr.

Óheimilt er að nota sýkla- eða sníklalyf handa eldisfiski nema í samráði við viðkomandi héraðsdýralækni. Skal hann láta af hendi skriflegar leiðbeiningar um notkun lyfja eða lyfjafóðurs, ef um það er að ræða. Tekið skal fram hvenær nýta megi afurðir eftir að lyfjameðferð er lokið; þ.e. 40 dögum eftir lyfjameðferð, ef vatnshiti hefur verið yfir 9°C, en 80 dögum eftir lyfjameðferð, ef vatnshiti hefur verið undir 9°C.

VI. KAFLI

Lyf, sem tannlæknar mega ávísa.

29. gr.

Tannlæknum er heimilt að ávísa sjúklingum sínum eftirfarandi lyfjum:

a. Lyfjum til staðbundinnar verkunar á eða í tönnum eða aðliggjandi vef eða munnslímhimnum.
b. Lyfjum til fyrirbyggjandi notkunar gegn tannátu.
c. Lyfjum í eftirtöldum lyfjaflokkum, sbr. skrá flokka samkvæmt ATC-kerfi (Anatomical Therapeutical-Classification) í gildandi Sérlyfjaskrá:

A 03	Krampalosandi lyf og andkólínerg lyf.
A 04	Lyf við uppköstum og lyf við klígju.
B 02	Blæðingalyf.
D 04	Kláða-, ofnæmis- og staðdeyfilyf.
J 01	Sýklalyf.
J 03	Sýklalyf.
M 01 A	Bólgueyðandi lyf, nema blöndur með barksterum.
M 03	Vöðvaslakandi lyf, nema eftirritunarskyld lyf, sbr. 30. gr.
N 02	Verkjalyf í afmældum skömmtum til inntöku eða í endaþarm, nema eftirritunarskyld lyf, sbr. 30. gr.
N 05 B	Róandi lyf í afmældum skömmtum, í minnstu skráðri pakkningastærð í senn, nema eftirritunarskyld lyf, sbr. 30. gr.
N 05 C	Svefnlyf í afmældum skömmtum, í minnstu skráðri pakkningastærð í senn, nema eftirritunarskyld lyf, sbr. 30. gr.
R 01	Neflyf.
R 02	Hálslyf.
R 05	Hósta- og kveflyf.
R 06	Ofnæmislyf, nema til útvortis notkunar.

30. gr.

Af eftirritunarskyldum lyfjum mega tannlæknar eingöngu ávísa Carisoprodolum (M 03 B A 02), Methadonum (N 02 A C 02), Morphinum (N 02 A A 01) og Pethidinum (N 02 A B 02) í formi taflna. Hér um gilda ákvæði 15. og 16. gr. þessarar reglugerðar.

Tannlækni er einungis heimilt að ávísa sama einstaklingi 10 töflum af þessum lyfjum í einu nema af Carisoprodolum 30 töflum.

31. gr.

Tannlæknum er heimilt að ávísa sjálfum sér til notkunar við störf sín lyfjum þeim, sem greind eru í 29. gr., með þeim takmörkunum, sem þar greinir, auk staðdeyfilyfja (N 01 B). Ennfremur þeim lyfjum, sem greind eru í 30. gr. í formi stungulyfja og taflna.

32. gr.

Ráðherra getur í ákveðnum tilvikum veitt tannlækni með sérfræðingsréttindi undanþágu frá ákvæðum þessa kafla að fenginni umsögn landlæknis og lyfjanefndar.

B. HLUTI: AFGREIÐSLA LYFJA.

VII. KAFLI

Almenn ákvæði um afgreiðslu lyfja.

33. gr.

Lyf má einungis afhenda úr apótekum og undirstofnunum þeirra, lyfjasölu lækna (dýralækna) og frá öðrum þeim, er leyfi hafa til lyfjasölu, sbr. ákvæði 4. gr. reglugerðar nr. 27/1983 um staðsetningu lyfjabúða og útibúa.

34. gr.

Lyfjafræðingur ber ábyrgð á afgreiðslu lyfseðils og hefur eftirlit með því, að rétt sé afgreitt samkvæmt honum.

Á afskekktum stöðum getur ráðherra þó veitt lyfjatækni, hjúkrunarfræðingi eða ljósmóður, takmarkaða og staðbundna heimild til að afgreiða lyf úr lyfjaforða, enda sé einungis um staðlaðar pakkningar að ræða samkvæmt skrá, sem staðfest er af ráðuneytinu, að fenginni tillögu heilsugæslulæknis og lyfsala og þessir aðilar hlíta öllum reglum um afgreiðslu lyfja svo sem kveðið er á um í reglugerð þessari; sbr. einnig ákvæði 24. gr. og 31. gr. laga um lyfjadreifingu nr. 76 21. maí 1982.

35. gr.

Lyfjafræðingur skal hafa vakandi auga á misritun og öðrum villum, er fyrir kunna að koma á lyfseðli og að lyfseðillinn sé að öðru leyti ritaður í samræmi við gildandi fyrirmæli.

Þegar lyfið er tilbúið til afhendingar, skal lyfjafræðingur gæta þess sérstaklega, að rétt sé afgreitt og að lyf sé rétt áritað með því að bera áritun saman við lyfseðil. Skal hann árita merkimiða lyfs og lyfseðilinn fangamarki sínu til staðfestingar, en sá, sem afhendir sjúklingi lyfið, áritar bakhlið lyfseðilsins fangamarki sínu.

Viðtakandi eftirritunarskylds lyfs skal staðfesta móttöku þess með eiginhandaráritun og kennitölu aftan á lyfseðil og sýna persónuskilríki, sé þess krafist.

36. gr.

Sé lyfjaávísun eða frágangi lyfseðils ábótavant svo að orki tvímælis, skal gera útgefanda viðvart og ekki afhenda lyf samkvæmt honum fyrr en hann hefur verið borinn undir útgefanda til staðfestingar.

Fyrirspurnir um vafaatriði skulu gerðar af lyfjafræðingi. Allar breytingar eða leiðréttingar, sem gerðar eru á lyfseðli í samráði við útgefanda, skulu ritaðar greinilega á lyfseðilinn. Í slíkum tilvikum skal sá, er fyrirspurn gerir, merkja breytinguna á lyfseðlinum dagsetningu og fangamarki sínu.

Sé knýjandi nauðsyn að afhenda lyf, áður en næst í útgefanda, er lyfjafræðingi þó heimilt að leiðrétta lyfseðil, sé villan að hans mati augljós, e.t.v. í samráði við sjúkling, enda leiti lyfjafræðingur staðfestingar á afgreiðslunni strax og næst í lækninn.

37. gr.

Ef nauðsyn krefur, er lyfjafræðingi heimilt að gefa sjúklingi afrit af lyfseðli eða hluta af lyfseðli. Þó er óheimilt að afrita lyfseðla, er hljóða á eftirritunarskyld lyf.

Afrit af lyfseðli skal rita á símalyfseðilseyðublað, sem á er ritað/stimplað orðið LYFSEÐILSAFRIT og staðfesta afritið með stimpli apóteks, dagsetningu og nafni þess lyfjafræðings, sem afritað hefur lyfseðilinn.

38. gr.

Apótekarar og aðrir, sem hafa leyfi til lyfjasölu (læknar, héraðsdýralæknar), skulu halda eftir þeim lyfseðlum, sem ekki eru sendir til innheimtu í sjúkrasamlagi. Skulu þeir geymdir í allt að 6 mánuði og afhentir Lyfjaeftirliti ríkisins, ef óskað er.

VIII. KAFLI

Afgreiðslutilhögun lyfja og ógilding lyfseðla.

39. gr.

Afgreiðslutilhögun sérlyfja skal getið í Sérlyfjaskrá og lyfjaverðskrá II. Afgreiðslutilhögun annarra lyfja og efna skal getið í lyfjaverðskrá I.

40. gr.

Lyf og efni, svo og sölt þeirra, estrar og hvers konar samsetningar þeirra, sem ekki verða heimfærð undir skrá í viðauka 3, má afhenda án lyfseðils, ef ekki fer í bága við ákvæði annarra fyrirmæla. Stungulyf og innrennslislyf (parenteralia) eru lyfseðilsskyld, nema annað sé tekið fram.

41. gr.

Nú inniheldur lyf tvö eða fleiri efni, og fer þá um afgreiðslutilhögun lyfsins eftir því efni, sem ströngustu fyrirmælum er háð.

42. gr.

Lyfseðill gildir fyrir eina afgreiðslu og er ógildur þremur mánuðum eftir útgáfudag.

Þegar lyf er afhent samkvæmt lyfseðli, skal hann auðkenndur stimpli apóteks, verð hvers einstaks lyfs ritað á hann og dagsetningar afgreiðslu getið.

IX. KAFLI

Um ávana- og fíknilyf.

43. gr.

Apótekarar og aðrir, sem hafa leyfi til lyfjasölu (læknar, héraðsdýralæknar), skulu halda eftir lyfseðlum, er hljóða á eftirritunarskyld lyf, sbr. 15. gr.

Lyfseðlar þessir skulu sendir Lyfjaeftirliti ríkisins í ábyrgðarpósti fyrir 10. næsta mánaðar eftir að lyfið var afgreitt. Ef greiðslu þarf að innheimta í sjúkrasamlagi, skal ljósrit af lyfseðlinum sent sjúkrasamlagi.

X. KAFLI

Um áritun lyfja gegn lyfseðli.

44. gr.

Eftirfarandi atriði skulu koma fram í áritun á umbúðir lyfja, sem afhent eru gegn lyfseðli:

a. Heiti lyfs eða samsetning, styrkleiki, þar sem við á, og magn.
b. Nafn sjúklings eða hvaða dýri (tegund) lyfið er ætlað, og eiganda þess.
c. Fyrirsögn læknis um notkun lyfs.
d. Upphafsstafir nafns eða kódanúmer þess læknis, er ritað hefur lyfseðilinn.
e. Dagsetning, er gefur til kynna, hvenær lyfið er afgreitt.
f. Nafn apóteks (læknis, dýralæknis).
g. Eiginhandaráritun (fangamark) þess lyfjafræðings, er annast eftirlitið.

Áritun samkvæmt stafliðum b—g hér að ofan, skal vera á hvítum merkimiða og á honum skal greint um notkun og/eða íkomustað lyfs, sbr. staflið c hér að framan; sbr. þó ákvæði 1. málsgr. 9. gr.

Nú er lyf afhent í tveimur eða fleiri pakkningum, og skal þá áletra allar pakkningar svo sem að framan greinir, og skal þess jafnframt getið á öllum pakkningum sama lyfs, hversu margar pakkningar þess eru afhentar.

45. gr.

Ekki má letra á umbúðir lyfs annað heiti, aðra samsetningu, annan styrkleika né annan þunga en nákvæmlega svarar til þess, sem úti er látið. Gildir þetta engu að síður, þótt útgefandi kunni að hafa óskað annars.

46. gr.

Ekki má áletra umbúðir lyfs heiti sérlyfs, nema um slíkt sérlyf sé að ræða. Sérlyf, sem skráð er undir sérheiti, má ekki afhenda í stað annars samsvarandi sérlyfs, sem einnig er skráð undir sérheiti, nema útgefandi lyfseðils heimili slíkt. Ef lyfi, sem ekki er fáanlegt nema sem sérlyf, er ávísað undir samheiti eða heiti lyfjaskrár (lyfseðlasafns), skal lyfjafræðingur afhenda það sérlyf, sem ódýrast er, hvort sem það er skráð undir samheiti eða sérheiti, nema útgefandi lyfseðils greini nafn framleiðanda á lyfseðli.

47. gr.

Við áritun sérlyfs skal þess gætt, að áritunarmiði apóteks sé ekki límdur yfir merkimiða sérlyfs né á ytri pappaumbúðir, sé þess nokkur kostur. Þess skal ennfremur gætt, að áritunarmiði sé ekki límdur yfir mikilvægar upplýsingar, svo sem notkunarleiðbeiningar og fyrningardagsetningu.

XI. KAFLI

Um áritun lyfja í lausasölu.

48. gr.

Umbúðir lausasölulyfja skulu auðkenndar apóteki (lækni, dýralækni) og skýrt og greinilega getið heitis lyfs, styrkleika, þar sem við á, svo og magns. Ennfremur skal eftirfarandi atriða gætt við áletrun lausasölulyfja:

a. Lyf og efni, þar með taldar jurtir og jurtahlutar, skal rita íslensku heiti ef til er, annars latnesku heiti samkvæmt heimildarriti.
b. Ef um samsett lyf er að ræða, skal árita samsetninguna á íslensku eða latínu. Nú er hið samsetta lyf gert eftir þekktu forskriftasafni, og má þá nota heiti lyfsins þar, að viðbættu heiti forskriftasafnsins, t.d. með skammstöfun.
c. Ekki má árita önnur notkunarfyrirmæli á lausasölulyf en þau, er greinir í reglugerð þessari eða öðrum fyrirmælum ráðuneytisins eða með samþykki ráðuneytis.
d. Á merkimiða lausasölulyfs, sem búið er til hverju sinni, sem um það er beðið, skal lyfjafræðingur sá, er framleiðir lyfið, rita fangamark sitt og geta dagsetningar.

XII. KAFLI

Undanþágur frá lyfseðilsskyldu.

49. gr.

Heimilt er að selja án lyfseðils þau lyf, sem greind eru í viðauka 4 með reglugerð þessari.

50. gr.

Eftirtalin dýralyf er heimilt að afhenda án lyfseðils; enda fylgi þeim ítarlegar leiðbeiningar:

1. Garnaveikibóluefni, sem fer eftir reglugerð um bólusetningu sauðfjár til varnar garnaveiki nr. 414/1976.
2. Bráðapestarbóluefni.
3. Bóluefni gegn lambablóðsótt.
4. Bóluefni gegn lungnapest.
5. Bóluefni gegn garnaeitrun.
6. Sermi gegn lambablóðsótt.
7. Bórkalk, vet.; sbr. viðauka 4.

XIII. KAFLI

Lyf í lyfjakistur báta eða skipa.

51. gr.

Undanþegin ákvæðum reglugerðar þessarar um lyfseðilsskyldu eru lyf, sem ætluð eru í lyfjakistur báta eða skipa, sbr. reglugerð um smíði og búnað íslenskra skipa nr. 469 25. júní 1982 (Hluti J 13 Lyf og læknisáhöld í íslenskum skipum). Er lyfjafræðingi þá heimilt að láta af hendi umgetin lyf gegn skriflegri beiðni skipstjóra eða útgerðarmanns. Beiðnina skal geyma í apóteki í tvö ár.

XIV. KAFLI

Áfengi til lækninga.

52. gr.

Um hvers konar áfengisútlát lyfjabúða og lækna fer eftir reglugerð nr. 116 13. maí 1952 um sölu áfengis til lækninga eða öðrum reglum, sem settar kunna að verða samkvæmt áfengislögum.

XV. KAFLI

Sérákvæði um lyfjasölu læknis, dýralæknis og sveitarstjórnar.

53. gr.

Nú hefur læknir (dýralæknir) lyfjasölu, af því að ekkert apótek er í umdæminu og komið er til hans með lyfseðil frá öðrum lækni (dýralækni) og skal hann þá haga sér að öllu leyti eftir þeim fyrirmælum, sem í reglugerð þessari eru sett. Læknir, sem sjálfur afhendir lyf til sjúklinga sinna, eða dýralæknir, sem sjálfur afhendir lyf til eiganda dýrs, skal um áritun lyfjanna og annað haga sér nákvæmlega eftir þessari reglugerð.

Við afgreiðslu lyfja frá lyfjasölu sveitarstjórnar skv. ákvæðum 4. gr. reglugerðar nr. 271/1983 um staðsetningu lyfjabúða og undirstofnana þeirra, skal í öllu fylgja ákvæðum þessarar reglugerðar. Aðeins aðila, sem fengið hefur takmarkaðan og staðbundinn afgreiðslurétt, sbr. ákvæði 34. gr. þessarar reglugerðar, er heimilt að afgreiða lyfseðilsskyld lyf frá þessum lyfjasölum.

C. HLUTI: MERKING LYFJA.

Sjá ennfremur viðauka 5: Leiðbeiningar um merkingu lyfja.

XVI. KAFLI

Almenn ákvæði um merkingu lyfja.

54. gr.

Með merkingu lyfs er átt við allar áletranir á innri og ytri umbúðir lyfs, tilhögun áletrunar svo og um áletranir á fylgiseðli með umbúðum, ef um er að ræða.

Eftirtalin atriði skulu koma fram í merkingu lyfs:

— Heiti lyfs, þ.e. nafn, lyfjaform og styrkleiki.
— Pakkningastærð.
— Innihaldsefni.
— Nafn framleiðanda.
— Númer framleiðslulotu.
— Fyrningardagsetning.
— Nauðsynlegar leiðbeiningar um geymslu.
— Nauðsynleg varnaðarorð.
— Aðrar upplýsingar, er máli skipta um rétta meðferð lyfsins.

Lyf samkvæmt lyfjaskrám, lyfjastöðlum og lyfjaforskriftabókum skal áletra hinu latneska heiti, sem þar er greint. Lyf samkvæmt öðrum heimildarritum skal áletra með því heiti, er þar greinir, og tilfæra heiti heimildarrits eða skammstöfun þess á eftir. Lyf, sem ekki hefur verið birt í heimildarritum, áritast með samsetningunni.

55. gr.

Norrænt vörunúmer skal vera á ytri umbúðum sérlyfs. Séu slíkar umbúðir ekki fyrir hendi, skal norrænt vörunúmer vera á merkimiða. Lyfjanefnd sækir um norrænt vörunúmer að fengnum upplýsingum um pakkningastærðir og gerð umbúða hvers sérlyfs.

56. gr.

Þær upplýsingar, sem mestu máli skipta um rétta afgreiðslu og notkun lyfs, skal prenta með greinilegu og áberandi letri á merkimiða lyfsins. Á þetta einkum við um heiti lyfsins,

lyfjaform og styrkleika, upplýsingar um notkun þess, leiðbeiningar um geymslu, varnaðarorð og pakkningastærð. Aðrar upplýsingar, t.d. um innihaldsefni lyfsins og nafn framleiðanda, má prenta með smærra letri. Leitast skal við að hafa umbúðir þannig, að nægjanlegt rými sé fyrir merkimiða apóteks.

XVII. KAFLI

Sérstök ákvæði um merkingu lyfja.

57. gr.

a. **Lyfjaform.**
Nota skal viðurkennt íslenskt heiti á lyfjaformi, sé það til. Þó skal nota bæði viðurkennt íslenskt og latneskt heiti á þeim lyfjaformum, sem að jafnaði eru nær eingöngu notuð á sjúkrahúsum (t.d. Blóðskilunarþykkni/Haemodialytica concentrata; Kviðskilunarvökvi/ Dialytica peritonealia; Dreypilyf/Innrennslislyf/ Infundibilia). Sjá viðauka 6 við þessa reglugerð.

b. **Styrkleiki.**
Þegar lyf inniheldur aðeins eitt virkt efni, skal styrkleiki þess vera hluti af heiti lyfsins. Þegar um er að ræða lyfjaform í afmældum skömmtum (t.d. töflur, hylki o.fl.), skal greina magn virks efnis í hverjum skammti. Á þetta einnig við um úðalyf (innúðalyf), sem gefa afmældan skammt við hverja úðun. Þegar um er að ræða lyfjaform, sem ekki er í afmældum skömmtum, skal greina magn virks efnis á eftirfarandi hátt:
1) fljótandi lyfjaform (t.d. stungulyf og mixtúrur) sem magn í ml;
2) hálfföst eða föst lyfjaform (t.d. hlaup, smyrsli o.fl.) sem magn í g eða sem hundraðshluta af þunga (w/w%).
3) um innrennslislyf (infundibilia) gildir, að í áritun skal greina styrkleika þeirra í grömmum í lítra (g/l eða mmól/1000 ml).
4) um innrennslisþykkni (adfundibilia) gildir, að í áritun skal greina styrkleika þeirra í milligrömmum (eða grömmum) í millilítra (mg/ml (eða g/ml)) og ennfremur í millimólum í millilítra (mmól/ml). Þau skal auk þess árita: **„Einungis til þynningar“** eða **„Þynnist fyrir notkun“.**
5) styrkleika skolvökva skal greina í grömmum (eða milligrömmum) í lítra (g/l (eða mg/l)) og hver pakkning skal greinilega merkt **„Skolvökvi“.**
6) um kviðskilunarvökva og blóðskilunarþykkni (dialytica peritonealia og hæmodialytica concentrata) gildir, að í áletrun skal greina styrkleika í grömmum (eða milligrömmum) í lítra (g/l (eða mg/l)) og ennfremur í millimólum í lítra (mmól/l).

Magn innihaldsefnis skal að jafnaði greint í mg. Ef magn er eitt gramm eða meira, skal það greint í g. Ef magn er minna en 0,1 mg, skal það greint í míkróg. Nota má aðrar alþjóðlegar magneiningar, t.d a.e. (alþjóðlegar einingar) og mmól/rúmmálseiningu.

c. **Pakkningastærð:** sjá ennfremur 63. gr.
Stærð pakkningar, t.d. fjölda taflna, skal greind á merkimiða. Yfirmagn í lykjum (ampullae) og hettuglösum skal ekki greint í áletrun. Þegar lyf er undir þrýstingi í umbúðum, skal greina bæði nettó- og brúttóþyngd umbúða. Einnig skal greina fjölda einstakra eininga þeirra úðalyfja (innúðalyfja), sem gefa afmælda einingu við hverja úðun. Magn hálffastra eða fastra lyfjaforma, t.d. smyrsla, skal greina í g.

d. **Innihaldsefni.**
1. **Virk innihaldsefni.**
Ávallt skal greina nafn virkra innihaldsefna og magn þeirra.
Á innri umbúðir lyfsins á að prenta nafn hins virka efnis með a.m.k. hálfri leturstærð miðað við fulla leturstærð á heiti lyfsins, þegar lyfið inniheldur aðeins eitt virkt efni

og heiti lyfsins er annað en nafn hins virka efnis. Skal nafn hins virka efnis prentað undir heiti lyfsins eða þar sem skilgreining er á lyfjaforminu sjálfu og þá á sömu hlið umbúðanna og heiti lyfsins.

Á lyf, sem ætluð eru til inntöku og eru skömmtuð í dropatali, skal einnig áletra magn virks efnis í dropa eða dropafjölda í ml.

Á lyf í föstu formi, sem ætluð eru til inntöku (t.d. kyrni, duft til inntöku) og eru skömmtuð með mæliskeið eða annars konar lyfjamáli, skal einnig áletra magn virks efnis í mæliskeið (lyfjamáli) eða heildarmagn lyfsins í mæliskeið (lyfjamáli).

2. **Óvirk innihaldsefni (hjálparefni).**
Greina skal nöfn og magn allra innihaldsefna í kviðskilunarvökvum, blóðskilunarþykknum, innrennslislyfjum, stungulyfjum, skolvökvum og vefjatöflum.
Greina skal nöfn allra innihaldsefna í lyfjum, sem ætluð eru til útvortis notkunar (lyf, sem borin eru á húð).
Greina skal nafn og magn rotvarnarefnis (-efna) í augn-, eyrna- og neflyfjum.
Magn etanóls skal greint, ef styrkleiki þess er meiri en 1% (miðað við 99,5% v/v etanól). Nöfn og magn sykurtegunda og sykuralkóhóla skulu greind, séu þessi efni notuð í tuggutöflur, munnsogtöflur, skammta, skammtakyrni, freyðitöflur og fljótandi lyfjaform til inntöku. Séu önnur sætiefni notuð í þessi lyfjaform, skulu nöfn þeirra greind. Óheimilt er að greina á merkimiðum þessara lyfjaforma að þau séu sykurlaus, ef þau innihalda sykuralkóhóla.

3. **Nafngiftir og upplýsingar um magn.**
Nöfn á innihaldsefnum lyfja skal greina sem INN- nöfn[1] eða Ph.Eur.-nöfn[2]. Séu slík nöfn ekki til, má nota aðrar nafngiftareglur: 1) BAN-nöfn[3]; 2) USAN-nöfn[4] 3) efnafræðilegt nafn samkvæmt IUPAC-nafngiftareglum[5].
Sé ekki hægt að nota þær nafngiftir, sem að framan greinir, má nota íslenskt verslunarheiti efnisins. Þegar notuð eru BAN- eða USAN-nöfn, skal nafngiftarheimildar getið.
Magn innihaldsefna skal greina á sama hátt og styrkleika, sjá staflið b. hér að framan.

e. **Nafn framleiðanda.**
Nafn framleiðanda skal greint bæði á ytri og innri umbúðum lyfsins. Sé nægjanlegt rými á merkimiða, má greina nafn umboðsmanns framleiðanda.

f. **Númer framleiðslulotu og fyrning.**
Greina skal númer framleiðslulotu og fyrningardagsetningar lyfs bæði á ytri og innri umbúðum. Fyrningardagsetning skal greind, t.d. samkvæmt ISO-staðli[6] (Notist fyrir .....).
Greina skal hámarks notkunartíma lyfs hjá neytanda, sé slíkt nauðsynlegt.

g. **Geymsluákvæði.**
Þýðingarmiklar leiðbeiningar fyrir neytanda um geymslu lyfs skulu greindar á umbúðum, t.d „Geymið á köldum stað."

1 INN	International Non-Proprietary Name. (Nafn samþykkt af Alþjóða heilbrigðismálastofnuninni (WHO)).
2 Ph.Eur.	European Pharmacopoeia (Evrópska lyfjaskráin).
3 BAN	British Approved Name. (nafn samþykkt af brezku lyfjaskrárnefndinni).
4 USAN	United States Adopted Name. (Nafn samþykkt af nafnanefnd bandarísku lyfjaskrárnefndarinnar, lyfjafræðingafélagsins (APHA) og læknafélagsins (AMA)).
5 IUPAC	International Union of Pure and Applied Chemistry.
6 ISO	International Organization for Standardization (Alþjóðleg staðlanefnd).

h. **Varnaðarorð.**
Hugsanleg varnaðarorð, sem miða að því að koma í veg fyrir slys af völdum lyfs, skulu greind í merkingu lyfsins. Allar umbúðir um lyf skulu merktar áletruninni: „Varúð — Geymið, þar sem börn ná ekki til.". Undanþegnar þessu ákvæði eru sjúkrahússpakkningar.
Lyf, sem skert geta hæfni manna til að aka bifreið eða stjórna hvers konar vélum, skulu merkt varúðarþríhyrningi, sbr. viðauka 7.

i. **Tæknilegar leiðbeiningar.**
Lyf skulu áletruð nauðsynlegum, tæknilegum leiðbeiningum. Er hér t.d. átt við leiðbeiningar um lokastig framleiðslu lyfjaforms.

j. **Notkunarleiðbeiningar.**
Nauðsynlegar leiðbeiningar um notkun lyfs skulu greindar í merkingu, t.d. um notkun úðaíláta, um notkun taflna (leysið töfluna upp fyrir inntöku, gleypið töfluna í heilu lagi), upplýsingar um að hrista mixtúrur og dreifur eða um að þynna lyf fyrir notkun svo sem innrennslisþykkni og stungulyfsþykkni. Í merkingu stungulyfs skal koma fram, á hvern hátt það skal notað. Til þessa má nota alþjóðlegar skammstafanir, t.d. iv (intravenalis (í bláæð)), im (intramuscularis (í vöðva)), sc (subcutanae (undir húð)).

k. **Lausasölulyf.**
Á lausasölulyfjum skal greina helstu ábendingar lyfs, venjulegar skammtastærðir svo og aðrar upplýsingar, sem heilbrigðisyfirvöld telja nauðsynlegar. Sérstök ákvæði um áletranir gilda um lyf, sem heimilt er að selja með undanþágu frá lyfseðilsskyldu, sbr. viðauka 4.

l. **Dýralyf.**
Lyf, sem einungis eru ætluð dýrum, skulu merkt: „Dýralyf". Ákvæði um, hvenær nýta megi afurðir dýrs eftir notkun lyfsins, skulu greind á merkimiða, þegar slíkt á við.

m. **Lyf handa sjúkrahúsum og öðrum stofnunum.**
Við áritun lyfja og efna, sem ætluð eru sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum og öðrum slíkum stofnunum eða læknum til nota við störf sín, skal auk venjulegrar áritunar, eftirfarandi atriða gætt:
1. Lyf, sem notuð eru í dropatali, skal auðkenna sérstökum miða, sem á er letrað: **„Notið í dropatali".**
2. Lyf, er varðveitt skulu í eiturskáp (sbr. ákvæði reglugerðar nr. 24/1983 um búnað og rekstur lyfjabúða og undirstofnana þeirra) og ætluð eru til útvortis notkunar eða til að bera á slímhimnur, tennur o.s.frv. svo og ætiefni og önnur álíka hættuleg efni, skal auðkenna sérstökum miða, sem á er letrað með ljósum stöfum á dökkum grunni: **„Varúð — Hættulegt".**
3. Lyf og sótthreinsunarefni, sem í apóteki skulu auðkennd eiturmerki og þynnt fyrir notkun á sjúkrahúsum, skal auðkenna sérstökum miða, sem á er letrað með ljósum stöfum á dökkan grunn: **„Einungis til þynningar".**
4. Ávallt skal geta framleiðslunúmers og fyrningartíma.

XVIII. KAFLI

Önnur ákvæði um merkingu lyfja.

58. gr.

Lyfjaframleiðendum ber skylda til að uppfylla merkingarákvæði þessarar reglugerðar, bæði almennt og hvað varðar sérákvæði um merkingu einstakra lyfja. Sömu skyldur eru lagðar á herðar umboðsmanna erlendra lyfjaframleiðenda, ef umbjóðendur þeirra uppfylla ekki kröfur um merkingu lyfja.

59. gr.

Þegar umbúðir um lyf eru það litlar, að ógerlegt er að merkja þær fullnægjandi merkingu, skulu þær a.m.k. bera nafn lyfsins, styrkleika, númer framleiðslulotu og innihaldsmagn.

60. gr.

Á umbúðir skammtaðra lyfjaforma, þar sem hverri einingu er pakkað sér (t.d. í þynnupakkningar), skal greina nafn lyfs, styrkleika og númer framleiðslulotu. Skal nafn lyfsins prentað á þann hátt, að það sé ávallt tengt hverri einingu, sem hægt er að skilja frá öðrum einingum.

61. gr.

Umbúðir, sem innihalda lyf undir þrýstingi (aerosol) og eru stærri en 50 ml, skulu áletraðar aðvörun um, að innihald þeirra sé undir þrýstingi og ekki megi geyma þær í sólarhita né við hærra hitastig en 50°C.

XIX. KAFLI

Fylgiseðlar.

62. gr.

Fylgiseðlar skulu vera með lyfjaumbúðum, þegar nauðsynlegar upplýsingar um meðferð og notkun lyfs rúmast ekki á sjálfum umbúðunum. Skal þá greint á umbúðunum sjálfum, að slíkur seðill fylgi þeim.

Ráðuneytið getur, að fenginni umsögn lyfjanefndar, heimilað, að upplýsingar á íslensku um lyf fylgi lyfjaumbúðum.

XX. KAFLI

Pakkningastærðir.

63. gr.

Pakkningar skulu vera hæfilega stórar með tilliti til notkunar og geymsluþols lyfs. Lyfjum, sem ætluð eru til afgreiðslu á sjúkrahús, skal pakkað í fjölpakkningar, t.d. 5 x 100 töflur, en ekki 1 x 500 töflur.

XXI. KAFLI

Undanþágur.

64. gr.

Ráðuneytið getur, ef knýjandi ástæður eru fyrir hendi, veitt undanþágur frá ákvæðum C. hluta þessarar reglugerðar, enda mæli lyfjanefnd með slíkri undanþágu.

D. HLUTI: VIÐURLÖG OG GILDISTAKA.

XXII. KAFLI

Viðurlög.

65. gr.

Um brot gegn ákvæðum þeim, sem sett eru með reglugerð þessari fer eftir fyrirmælum XIII. kafla lyfjalaga nr. 108 14. nóvember 1984, læknalaga og annarra laga eftir því sem við á.

XXIII. KAFLI
Gildistaka.

66. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. og 17. gr. lyfjalaga nr. 108 16. maí 1984, öðlast gildi 1. nóvember 1988, og falla þá jafnframt úr gildi reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja nr. 291/1979 með áorðnum breytingum, reglugerð um merkingu sérlyfja nr. 568/1982, svo og önnur fyrirmæli, er fara í bága við ákvæði þessarar reglugerðar.

Bráðabirgðaákvæði.

Lyfjafræðingi er heimilt að afhenda minnstu pakkningastærð lyfseðilsskylds, staðlaðs lyfs án lyfseðils í undantekningartilvikum, þegar ekki næst til læknis, enda telji lyfjafræðingur brýna ástæðu til að verða við slíkri beiðni. Viðtakandi verður að greiða lyfið að fullu og staðfesta móttöku þess með undirritun (nafn og kennitala). Lyfjafræðingur sendir landlækni útfyllt símalyfseðilseyðublað (sbr. viðauka 2 við þessa reglugerð), sem á er ritað/stimplað orðið lyfseðilsafrit (sbr. 37. gr.) til staðfestingar á slíkri afgreiðslu.

Ákvæði þetta nær ekki til ávana- og fíknilyfja, sbr. IV. kafla þessarar reglugerðar.

Bráðabirgðaákvæðið gildir í 2 ár frá gildistöku þessarar reglugerðar og verður þá tekið til endurskoðunar að fenginni reynslu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. júní 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Ingolf J. Petersen.

VIÐAUKI 1: Form lyfseðils.

LYFSEÐILL

Kennitala	Lyfjakort	Ellilífeyrisþegi	Öryrki

Nafn

Heimili

....

(Dags.) (Nafn útgefanda ritað eigin hendi)

Nafn Stöðuheiti

Aðsetur Sími Kódanúmer

	Flokkur	Tegund	Inn-lent	Form	Styrk-leiki	Magn	Verð	Hluti sjúklings	Hluti samlags
I									
II									
III									
						Samtals			

(Stærð lyfseðils 105X210 mm)

VIÐAUKI 2: Form símalyfseðils.

SÍMALYFSEÐILL Nr.

Læknir	Kódanúmer
Nafn sjúklings	Kennitala
Heimilisfang	

Lyfjakort	Ellilífeyrisþegi	Öryrki

Stimpill apóteks	Dags.
	Nafn lyfjafræðings

	Flokkur	Teg-und	Inn-lent	Form	Styrk-leiki	Magn	Verð	Hluti sjúklings	Hluti samlags
I									
II									
III									
Símagjald									
Læknisgjald									
Samtals kr.									

(Stærð símalyfseðils 105X210 mm)

VIÐAUKI 3:

Listi yfir lyfseðilsskyld lyf og efni; nær ennfremur til salta og estra og hvers konar annarra efnasambanda þeirra; sjá þó viðauka 4:

Acecarbromalum INN
Acediasulfonum natricum INN
Acephenazinum NFN, sjá Acetophenazinum
Acetanilidum
Acetarsolum INN
Acetazolamidum INN
Acetcarbromalum NFN, sjá Acecarbromalum INN
Acetophenazinum INN
Acetphenolisatinum NFN
Acetylcysteinum INN
Acetyldigitoxinum INN
Acetyldigoxinum
Acetyl-sulfafurazolum NFN
Aciclovirum INN
Acidum acetylsalicylicum
Acidum amidotrizoicum NFN
Acidum aminocaproicum INN
Acidum boricum
Acidum dichloraceticum
Acidum dipropylbarbituricum
Acidum etacrynicum INN
Acidum flufenamicum INN
Acidum folicum INN
Acidum fusidicum INN
Acidum ioglycamicum INN
Acidum iopanoicum INN
Acidum iotroxicum INN
Acidum joglycamicum NFN, sjá Acidum ioglycamicum
Acidum jopanoicum NFN, sjá Acidum iopanoicum INN
Acidum jopodicum NFN (sbr. Natrii iopodas INN)
Acidum mefenamicum INN
Acidum mersalylicum NFN
Acidum metrizoicum NFN
Acidum nalidixicum INN
Acidum nicotinicum INN
Acidum oxolinicum INN
Acidum tranexamicum INN
Acidum trichloraceticum
Acidum valproicum INN
Aclarubicinum INN
Adipheninum INN
Adipiodonum INN
Adrenalinum NFN (Adrenalinii tartras Ph. Eur.) (Epinephrinum INN)
Adrenonum NFN
Aethallymalum NFN
Aether ad narcosin, sjá Aether anaestheticus
Aether anaestheticus
Aethylendiamini hydras
Aethyli biscumacetas NFN, sjá Ethylis biscoumacetas INN
Aethyli chloridum
Aethylmorphinum
Agaricinum
Ajmalinum
Alcuronii chloridum INN
Aldosteronum INN
Alfacalcidolum INN
Alfadolonum INN
Alfaxalonum INN
Alimemazinum INN
Alisobumalum NFN, sjá Butalbitalum INN
Allergenar
Allobarbitalum INN
Allopurinolum INN
Allypropymalum NFN, sjá Aprobarbitalum INN
Alprazolamum INN
Alprenololum INN
Alseroxylon NND
Altretaminum INN
Alverinum INN
Amantadinum INN
Amfepramonum INN
Amfetaminum INN
Amfomycinum INN
Amikacinum INN
Amiloridum INN
Aminochinuridum NFN, sjá Aminoquinuridum INN
Aminonitrothiazolum NFN
Aminophenazonum INN
Aminophyllinum INN (Theophyllinum et ethylendiaminum Ph. Eur.)
Aminopterinum natricum INN
Aminoquinuridum INN
Aminosalylum NFN
Amiodaronum INN
Amisometradinum INN
Amitriptylinum INN
Ammonii fluoridum
Amobarbitalum INN
Amoxapinum INN
Amoxicillinum INN
Amphetaminum, sjá Amfetaminum INN
Amphotericinum NFN, sjá Amphotericinum B INN
Amphotericinum B INN
Ampicillinum INN
Amyleni hydras
Amylii nitris
Androstanolonum INN
Antrakínónglýkósíðar
Antazolinum INN
Apomorphinum

Aprobarbitalum INN
Apronalum NFN
Aprotininum INN
Arecolinum
Arsen og arsensambönd, ót.a.
Articainum INN
Astemizolum INN
Atenololum INN
Atropinum (INN)
Azacylconolum INN
Azapetine BAN
Azathioprinum INN
Aztreonamum INN
Bacampicillinum INN
Bacitracinum INN
Baclofenum INN
Bamethanum INN
Bamipinum INN
Barbitalum INN
Barbitúrsýrusambönd, ót.a.
Beclometasonum INN
Belladonnae (folium; herba)
Benactyzinum INN
Bendroflumethiazidum INN
Benethaminum penicillinum INN
Benproperinum INN
Benserazidum INN
Benzathini benzylpenicillinum INN
(Benzylpenicillinum benzathinum Ph. Eur.)
Benzatropinum INN
Benzbromaronum INN
Benzhexolum NFN, sjá
Trihexyphenidylum INN
Benzilonii bromidum INN
Benzocainum INN
Benzódíazepínsambönd, ótalin annars staðar
Benzpyrinii bromidum INN
Benztropinum NFN, sjá
Benzatropinum INN
Benzydaminum INN
Benzylpenicillinum INN
Sjá einnig: Innrennslisstofn, Innrennslisþykkni, Dreypilyf, Dreypilyfsstofn, Dreypilyfsþykkni.
Innrennslisstofn
Sjá einnig: Innrennslislyf, Dreypilyf
Innrennslisþykkni
Sjá einnig: Innrennslislyf, Dreypilyf
Innúðaduft
Innúðalyf
Innöndunarlyf
Krem
Froða, Skeiðarfroða, Skeiðarkrem
Sjá einnig: Smyrsli
Kviðskilunarvökvi
Kyrni
Skammtakyrni
Sjá einnig: Forðakyrni, Freyðikyrni, Sýruhjúpkyrni

Kökur
Lausn
    Sjá einnig: Þynningarlausn
Lausnarduft
    Sjá einnig: Duft
Lausnartöflur
Legstílar
Lyfjasápa
    Sjá einnig: Hársápa
Mixtúra
    Mixtúruduft, Mixtúrkyrni
Mixtúruduft, sjá Mixtúra
Mixtúrukyrni, sjá Mixtúra
Munnsmyrsli, sjá Smyrsli
Munnsogtöflur
    Sjá einnig: Töflur
Nefdropar
    Nefúðalyf
Nefsmyrsli, sjá Smyrsli
Nefstifti, sjá Stifti
Nefúðalyf, sjá Nefdropar
Ónæmissermi
Pasta
    Sjá einnig: Smyrsli
Pillur, sjá Hylki og Töflur
Sáralím
Sáralín
Skammtakyrni, sjá Kyrni
Skammtar
    Sjá einnig: Duft
Skeiðarfroða, sjá Krem
Skeiðarhlaup, sjá Hlaup
Skeiðarkrem, sjá Krem
Skeiðarsmyrsli, sjá Smyrsli
Skeiðarstílar
Skeiðarsvampar, sjá Svampar
Skolvökvi
Smyrsli
    Endaþarmssmyrsli, Eyrnasmyrsli, Munnsmyrsli, Nefsmyrsli, Skeiðarsmyrsli.
    Sjá einnig: Hlaup, Krem, Pasta
Spenalyf
Stifti
    Nefstifti, Tannstifti
Stráduft
    Úðaduft
    Sjá einnig: Duft
Stungulyf
    Sjá einnig: Stungulyfsstofn, Stungulyfsþykkni
Stungulyfsstofn
    Sjá einnig: Stungulyf

Stungulyfsþykkni
Sjá einnig: Stungulyf
Svampar
Endaþarmssvampar, Skeiðarsvampar
Sýruhjúphylki
Sjá einnig: Hylki
Sýruhjúpkyrni
Sjá einnig: Kyrni
Sýruhjúptöflur
Sjá einnig: Töflur
Tannstifti, sjá Stifti
Töflur
Pillur
Sjá einnig: Forðatöflur, Freyðitöflur, Munnsogtöflur, Sýruhjúptöflur, Tuggutöflur, Tungurótartöflur
Tuggutöflur
Sjá einnig: Töflur
Tungurótarhylki
Sjá einnig: Hylki
Tungurótartöflur
Sjá einnig: Töflur
Úðaáburður, sjá Áburður
Úðaduft, sjá Stráduft
Vefjatöflur
Þynningarlausn
Sjá einnig: Lausn

Íslensk heiti lyfjaforma og skilgreining þeirra
(í svigum eru greind norræn heiti lyfjaformanna).

Augndropaduft, sjá Augndropar.

Augndropar (Ögondroppar/Öjendråber/Silmätippoja)
Augndropar eru fljótandi lyfjaform, ætlað til að dreypa í auga.
Setja skal rotvarnarefni í augndropa, sem eru vatnslausnir eða vatnsdreifur, ef lyfið hefur ekki nægilega sýklaheftandi verkun, og er látið í ílát, sem inniheldur fleiri en einn skammt.
Ekki má setja rotvarnarefni í augndropa, sem notaðir eru við skurðaðgerðir á augum, og skulu slíkir augndropar vera í einnota ílátum.
Duft, ætlað til framleiðslu á augndropum, nefnist augndropaduft (pulver till ögondroppar/pulver til öjendråber/jauhe silmätippoja varten).
Ath. Ílát undir augndropaduft skulu merkt þannig, að heitið augndropar standa á þeim við afhendingu lyfsins úr lyfjabúð.

Augnflögur (Ögonlameller/Öjenlameller/Silmälamellia)
Augnflögur eru fast, skammtað lyfjaform. Lyfi er ætlað að losna hægt úr augnflögunum eftir að þær hafa verið settar undir augnlok. Augnflögur geta verið skífu- eða staflaga.

Augnskolvatn (Öjenbadevand/Öyebadevann/Ögonvatten/Silmävesi)
Augnskolvatn er fljótandi lyfjaform, ætlað til að skola augu.

Augnskolvatn skal, ef unnt er, vera ísótónískt tárum.
Setja skal rotvarnarefni í augnskolvatn, ef lyfið hefur ekki nægilega sýklaheftandi verkun.
Sleppa má því að setja rotvarnarefni í augndropa, ef sérstakar ástæður mæla með því.

Augnsmyrsli (Ögonsalva/Silmäcvoide)
Augnsmyrsli er smyrsliskennt lyfjaform, ætlað til að bera í augu eða á hvarma.

Áburður (Liniment/Linimentti)
Áburður er fljótandi lyfjaform til útvortis notkunar. Áburður er ýmist lausn (solutio), fleyti (emulsio) eða dreifa (suspensio).
Áburður, sem borinn er á úr íláti undir þrýstingi, nefnist úðaáburður (aerosolliniment/ aerosolinimentti).
Setja skal rotvarnarefni í áburði, sem mikil hætta er á, að örverugróður þrífist í.

Blóðskilunarþykkni (Hämodialyskoncentrat/Hemodialyysikonsentraatti)
Latneskt heiti: Haemodialytica concentrata; sjá C-hluta reglugerðar þessarar.
Blóðskilunarþykkni er fljótandi samsetning, ætluð til framleiðslu á vökva, sem nota skal við blóðskilun (hemodialýsu).
Ekki má setja rotvarnarefni í blóðskilunarþykkni.

Bóluefni (Vaccinum)
Bóluefni er lyfjaform, sem hefur að geyma mótefnavaka. Það er gefið til þess að koma af stað eða efla ónæmi gegn þeim smitefnum eða öðrum mótefnavökum, sem bóluefni hefur að geyma.
Bóluefni er framleitt úr lifandi eða deyddum örverum, einfrumungum eða sníkjudýrum og/ eða efnum, sem lífverur þessar mynda.

Dreypilyf/Innrennslislyf (Infusionsvätska/Infuusioneste)
Latneskt heiti: Infundibilia; sjá C-hluta reglugerðar þessarar.
Dreypilyf/innrennslislyf er fljótandi lyfjaform, ætlað til innrennslis í líkamann í tiltölulega miklu magni.
Ekki má setja rotvarnarefni í dreypilyf/innrennslislyf.
Sjá Dreypilyfsstofn, Dreypilyfsþykkni, Innrennslisstofn, Innrennslisþykkni.

Dreypilyfsstofn/Innrennslisstofn (Infusionssubstans/Infuusiokuiva-aine)
Latnestk heiti: Ad infundibilia; sjá C-hluta reglugerðar þessarar.
Dreypilyfsstofn/Innrennslisstofn er lyf í föstu formi, sem ætlað er til framleiðslu á dreypilyfi/ innrennslislyfi.
Ekki má setja rotvarnarefni í dreypilyfsstofn/ innrennslisstofn.
Sjá Dreypilyf, Innrennslislyf.

Dreypilyfsþykkni/Innrennslisþykkni (Infusionskoncentrat/Infuusiokonsentraatti)
Latneskt heiti: Adfundibilia; sjá C-hluta reglugerðar þessarar.
Dreypilyfsþykkni/Innrennslisþykkni er lyf í fljótandi formi, sem ætlað er til framleiðslu dreypilyfs/innrennslislyfs eða til íblöndunar í dreypilyf/innrennslislyf.
Dreypilyfsþykkni/innrennslisþykkni, sem eru lausnir, eiga að vera tær og agnalaus.
Dreypilyfsþykkni/innrennslisþykkni, sem eru fleyti (emulsionir), mega ekki skilja sig í lög (fasa) og skulu vera einslaga (homogen) eftir að þau hafa verið hrist. Þvermál dropa í

fleytinu (dreifða fasanum) má ekki vera meira en 5 míkróm. Ílát undir dreypilyfsþykkni/innrennslisþykkni skulu vera úr þannig efni, að hægt sé að sjá, hvort lausn er tær og fleyti einslaga.
Ekki má setja rotvarnarefni í dreypilyfsþykkni/innrennslisþykkni.
Sjá Dreypilyf, Innrennslislyf.

Dropar (Droppar/Dråber/Tippoja)
Dropar eru fljótandi lyfjaform til inntöku, venjulega skammtað í dropatali, eða í litlu rúmmáli, mældu með mælipípettu.
Dropateljari eða mælipípetta skal fylgja íláti undir dropa.

Duft (Pulver/Jauhe)
Duft er fíngert, fast efni. Duft, sem ætlað er til inntöku, er venjulega skammtað eftir rúmmáli, og skal hæfilegur skammtamælir (t.d. mæliskeið, mælistaup) fylgja hverri pakkningu þess.

Ath. Heitið duft skal einungis nota um lyfjaform, ef annað heiti hæfir ekki. Á íláti skulu fylgja upplýsingar um notkun duftsins.
Sjá Lausnarduft, Skammtar, Stráduft.

Endaþarmssmyrsli, sjá Smyrsli.

Endaþarmsstílar (Suppositoria/Peräpuikkoa)
Endaþarmsstíll er skammtað lyfjaform, sem ætlað er til að stinga í endaþarm. Endaþarmsstíll er t.d. framleiddur með pressun eða steypun eða sem hylki.

Endaþarmssvampar, sjá Svampar.

Eyrnadropar (Öredråber/Örondroppar/Korvatippoja)
Eyrnadropar eru fljótandi lyfjaform, ætlað til að dreypa í eyra.
Setja skal rotvarnarefni í eyrnadropa, sem eru vatnslausnir eða vatnsdreifur, ef lyfið hefur ekki nægilega sýklaheftandi verkun. Sleppa má því að setja rotvarnarefni í eyrnadropa, ef sérstakar ástæður mæla með því.
Hæfilegur dropamælir skal fylgja íláti um eyrnadropa.

Eyrnasmyrsli, sjá Smyrsli.

Forðahylki (Depotkapsler/Depotkapselia)
Forðahylki er skammtað lyfjaform til inntöku, þar sem lyfinu eða hluta þess er ætlað að losna hægt og frásogast frá maga og/eða þörmum, eða hafa staðbundna verkun í maga eða þörmum.
Sjá Hylki.

Forðakyrni (Depotgranulat/Depotrakeita)
Forðakyrni er fast lyfjaform til inntöku, þar sem lyfinu eða hluta þess er ætlað að losna hægt og frásogast frá maga og/eða þörmum, eða hafa staðbundna verkun í maga eða þörmum.
Hæfilegur skammtamælir (t.d. mæliskeið, mælistaup) skal fylgja hverri pakkningu forðakyrnis.
Sjá Kyrni.

Forðaplástur (Depotplaster/Depotplåster/Depotlaastari)
Forðaplástur er skammtað lyfjaform, sem ætlað er til að líma á húð og búið hefur verið um í hæfu efni, sem seinkar losun virks innihaldsefnis (lyfs). Lyfinu er ætlað að verka staðbundið eða almennt í líkamanum eftir frásog í gegnum húð.

Forðatöflur (Depottabletter/Depottablettia)
Forðatafla er skammtað, fast lyfjaform til inntöku, þar sem lyfinu eða hluta þess er ætlað að losna hægt og frásogast frá maga og/eða þörmum, eða hafa staðbundna verkun í maga eða þörmum.
Sjá Töflur.

Freyðikyrni (Brusegranulat/Porerakeita)
Freyðikyrni er fast lyfjaform, sem skal leysa eða dreifa í vatni fyrir inntöku. Það inniheldur venjulega sýru og karbónat eða tvíkarbónat, sem hvarfast hratt í vatni og mynda koltvíoxíð. Freyðikyrni er oftast pakkað í afmælda skammta í umbúðir úr hæfu efni.
Sjá Kyrni.

Freyðitöflur (Brusetabletter/Poretablettia)
Freyðitafla er skammtað, fast lyfjaform, sem skal leysa eða dreifa í vatni fyrir inntöku. Hún inniheldur venjulega sýru og karbónat eða tvíkarbónat, sem hvarfast hratt í vatni og mynda koltvíoxíð.
Athugið: Töflur, sem innihalda mjög lítið magn af karbónati eða tvíkarbónati, og leysast því hægt með vægri loftmyndun, falla ekki undir skilgreiningu á freyðitöflum.
Sjá Töflur.

Froða, sjá Krem.

Hársápa (Shampoo/Sjampo/Schampo)
Hársápa er venjulega fljótandi lyfjaform, sem freyðir, og er ætlað til að núa í hársvörð og skola síðan í burtu.

Hlaup (Gel/Geeli)
Hlaup er lyfjaform, sem er hálffast, framleitt með því að leysa fjölefnunga (polymere) í hæfum leysi og venjulega til útvortis notkunar.
Setja skal rotvarnarefni í hlaup, sem mikil hætta er á, að örverugróður þrífist í.
Sjá Smyrsli.

Hylki (Kapsler/Kapselia)
Hylki er skammtað lyfjaform til inntöku, sem búið hefur verið um í hæfu efni (t.d. matarlími). Lyfi er ætlað að frásogast frá maga og/eða þörmum strax og hylki hefur sundrast og/eða hafa staðbundna verkun í maga eða þörmum. Séu hylki hnöttótt, má nefna þau Pillur (piller/pilleriä).
Sjá Forðahylki, Sýruhjúphylki, Tungurótarhylki.

Innhellislyf (Klysma/Peräruiske)
Innhellislyf er fljótandi lyfjaform, ætlað til innhellingar eða inndælingar í endaþarm.

Innrennslislyf/Dreypilyf (Infusionsvätska/Infuusioneste)
Latneskt heiti: Infundibilia; sjá C. hluta reglugerðar þessarar.
Innrennslislyf/Dreypilyf er fljótandi lyfjaform, ætlað til innrennslis í líkamann, í tiltölulega miklu magni.
Ekki má setja rotvarnarefni í innrennslislyf/dreypilyf.
Sjá Innrennslisstofn, Innrennslisþykkni, Dreypilyfsstofn, Dreypilyfsþykkni.

Innrennslisstofn/Dreypilyfsstofn (Infusionssubstans/Infuusiokuiva-aine)
Latneskt heiti: Ad infundibilia; sjá C-hluta reglugerðar þessarar.
Innrennslisstofn/Dreypilyfsstofn er lyf í föstu formi, sem ætlað er til framleiðslu á innrennslislyfi/dreypilyfi.
Ekki má setja rotvarnarefni í innrennslisstofn/ dreypilyfsstofn.
Sjá Innrennslislyf, Dreypilyf.

Innrennslisþykkni/Dreypilyfsþykkni
(Infusionskoncentrat/Infuusiokonsentraatti)
Latneskt heiti: Adfundibilia; sjá C. hluta reglugerðar þessarar.
Innrennslisþykkni/Dreypilyfsþykkni er lyf í fljótandi formi, sem ætlað er til framleiðslu innrennslislyfs/dreypilyfs eða til íblöndunar í innrennslislyf/dreypilyf.
Innrennslisþykkni/dreypilyfsþykkni, sem eru lausnir, eiga að vera tær og agnalaus.
Innrennslisþykkni/dreypilyfsþykkni, sem eru fleyti (emulsionir), mega ekki skilja sig í lög (fasa) og skulu vera einslaga (homogen) eftir að þau hafa verið hrist. Þvermál dropa í fleytinu (dreifða fasanum) má ekki vera meira en 5 míkróm. Ílát undir innrennslisþykkni/ dreypilyfsþykkni skulu vera úr þannig efni, að hægt sé að sjá, hvort lausn er tær og fleyti einslaga.
Ekki má setja rotvarnarefni í innrennslisþykkni/dreypilyfs-þykkni.
Sjá Innrennslislyf, Dreypilyf.

Innúðaduft (Inhalationspulver/Inhalaatiojauhe)
Innúðaduft er skammtað lyfjaform, ætlað til úðunar á slímhúð neðri öndunarfæra úr sérstöku úðunartæki.

Innúðalyf (Inhalationsvätska/Inhalaationeste)
Innúðalyf er fljótandi lyfjaform, ætlað til úðunar á slímhúð neðri öndunarfæra úr sérstöku úðunartæki.
Innúðalyf eru venjulega í íláti undir þrýstingi (inhalationsaerosol/inhalaationaerosoli) eða íláti, sem gefur ákveðinn skammt við hverja úðun (inhalationsspray/inhalaationsumute).

Innöndunarlyf
Innöndunarlyf er fljótandi eða loftkennt lyfjaform, sem ætlað er til svæfingar við innöndun lyfsins í formi gufu eða lofttegundar.

Krem (Creme/Emulsiovoide).
Krem er mjúkt smyrsli, ætlað til útvortis notkunar. Það er venjulega fleytismyrsli (emulsio).
Krem, ætlað til notkunar í skeið, nefnist skeiðarkrem (vaginalcreme/emätinvoide).
Krem, sem bera skal á í formi froðu, t.d. úr úðabrúsa, nefnist froða (skum); sé það ætlað til notkunar í skeið, skeiðarfroða (vaginalskum/emtinvaahto).
Setja skal rotvarnarefni í krem, sem mikil hætta er á, að örverugróður þrífist í.
Sjá Smyrsli.

Kviðskilunarvökvi (Peritonealdialysvätska/Peritoneaalidialyysineste)
Latneskt heiti: Dialytica peritonealia; sjá C. hluta reglugerðar þessarar.
Kviðskilunarvökvi er fljótandi lyfjaform, sem ætlað er til blóðskilunar í kviðarholi (peritonealdialýsu).
Ekki má setja rotvarnarefni í kviðskilunarvökva.

Kyrni (Granulat/Rakeita)
Kyrni er fast lyfjaform, sem samanstendur, að svo miklu leyti og unnt er, af jafnstórum kornum. Kyrni er venjulega ætlað til inntöku, hugsanlega eftir að það hefur verið leyst í eða blandað öðru efni. Lyfi er ætlað að frásogast frá maga og/eða þörmum strax eða hafa staðbundna verkun í maga eða þörmum. Kyrni er framleitt með kyrningu duftkennds efnis. Það er venjulega skammtað eftir rúmmáli. Hæfilegur skammtamælir (t.d. mæliskeið, mælistaup) skal fylgja hverri pakkningu kyrnis.
Kyrni í afmældum skömmtum, pakkað í umbúðir úr hæfu efni, nefnist skammtakyrni.
Vegna sérhæfðrar notkunar eða eiginleika nokkurra kyrna, eru þau skilgreind sérstaklega og nefnast eftirfarandi heitum, eftir því sem við á hverju sinni, sjá Forðakyrni, Freyðikyrni, Sýruhjúpkyrni.

Kökur (Boli)
Kaka (bolus) er fast, skammtað lyfjaform, ætlað dýrum til inntöku. Kaka er framleidd með útrúllun, steypun eða pressun í kúlu-, egg- eða sívalningsform.
Ath. Skilgreiningin nær einnig yfir stafi (baculi).

Lausn (Opplösning/Lösning/Liuos)
Lausn er fljótandi lyfjaform, sem inniheldur eitt eða fleiri efni leyst í hæfum leysi.
Ath. Heitið lausn skal einungis nota um lyfjaform, ef annað heiti hæfir ekki. Á íláti skulu fylgja upplýsingar um notkun lausnarinnar.
Sjá Þynningarlausn.

Lausnarduft
Lausnarduft er fíngert, fast efni, sem ætlað er til inntöku eða útvortis notkunar, eftir að hafa verið leyst eða blandað vatni.
Ath. Heitið lausnarduft skal einungis nota um lyfjaform, ef annað heiti hæfir ekki. Á íláti skulu fylgja upplýsingar um notkun lausnarduftsins.
Sjá Duft.

Lausnartöflur (Solubletter/Solublettia)
Lausnartafla er skammtað lyfjaform, ætlað til framleiðslu á lausn til útvortis notkunar eða til að skola líkamshol. Lausnartöflur eru venjulega framleiddar með pressun á sama hátt og töflur.

Legstílar (Uteritorier/Kohtupuikkoa)
Legstíll er skammtað lyfjaform, sem ætlað er til að setja í leg. Legstíll er framleiddur með viðeigandi lögun með pressun eða steypun.

Lyfjasápa
Lyfjasápa er fast eða fljótandi lyfjaform, sem hefur sápu eða önnur yfirborðsvirk efni sem burðarefni og ætlað er til útvortis notkunar.
Lyfjasápa, sem ætluð er til hárþvotta, nefnist hársápa.

Mixtúra (Mixtur/Mikstuura)
Mixtúra er fljótandi lyfjaform, sem ætlað er til inntöku og venjulega skammtað eftir rúmmáli. Mixtúra getur verið lausn af einu eða fleiri efnum í hæfum leysi, fleyti (emulsio), dreifa (suspensio) eða lausn efna úr jurtahlutum.
Fast efni, ætlað til framleiðslu á mixtúru, nefnist mixtúruduft (pulver till mixtur/jauhe mikstuuraa varten) eða mixtúrukyrni (granulat till mixtur/rakeita mikstuuraa varten), eftir því sem við á hverju sinni.
Setja skal rotvarnarefni í mixtúrur, sem innihalda lausnir efna úr jurtahlutum, og aðrar þær mixtúrur, sem mikil hætta er á, að örverugróður þrífist í.
Ath. Ílát undir mixtúruduft og mixtúrukyrni skulu merkt þannig, að heitið mixtúra standi á þeim við afhendingu lyfsins úr lyfjabúð.

Mixtúruduft, sjá Mixtúra.

Mixtúrukyrni, sjá Mixtúra.

Munnsmyrsli, sjá Smyrsli.

Munnsogtöflur (Sugtabletter/Imeskeltävää tablettia)
Munnsogtafla er skammtað, fast lyfjaform, sem ætlað er að leysast hægt í munni og hafa staðbundna verkun í munni og koki.
Sjá Töflur.

Nefdropar (Näsdroppar/Næsedråber/Nenätippoja)
Nefdropar er fljótandi lyfjaform, ætlað til að dreypa í nös eða úða í nefslímhúð.
Nefdropar í ílátum undir þrýstingi eða annars konar úðunartækjum nefnast nefúðalyf (næseaerosol/nenäaerosoli og/eða næsespray/nenäsumate).
Setja skal rotvarnarefni í nefdropa, sem eru vatnslausnir eða vatnsdreifur, ef lyfið hefur ekki nægilega sýklaheftandi verkun og er í íláti, sem inniheldur fleiri en einn skammt.

Nefsmyrsli, sjá Smyrsli.

Nefstifti, sjá Stifti.

Nefúðalyf, sjá Nefdropar.

Ónæmissermi (Serum)
Ónæmissermi er lyfjaform, framleitt úr blóði manna eða dýra og inniheldur sérhæfð mótefni.
Mótefni þessi geta lamað eða gert óvirkar á annan hátt þær tegundir örvera og eiturefna, sem valdar voru að myndun mótefna í serminu.
Ónæmissermi er gefið til að koma í veg fyrir eða draga úr óæskilegum áhrifum slíkra mótefnavaka.

Pasta (Pasta)
Pasta er smyrsli, sem er mjög stíft og ætlað til útvortis notkunar eða til inntöku handa dýrum. Pasta inniheldur oftast mikið magn fastra, óleystra efna.
Setja skal rotvarnarefni í pasta, sem mikil hætta er á, að örverugróður þrífist í.
Sjá Smyrsli.

Pillur, sjá Hylki og Töflur.

Sáralím (Sårlim)
Sáralím er einefnungur (monomer), sem hvarfast í fjölefnung (polymer). Það er borið á í mjög þunnri himnu, sem kemur í stað saums til þess að loka sárum og skurðsárum.

Sáralín
Sáralín er lyfjaform, ætlað til þess að þekja sár. Það er sæft lín eða annað hæft efni, sem lyfi hefur verið bætt í.

Skammtakyrni, sjá Kyrni.

Skammtar (Dospulver/Annosjauhetta)
Skammtur er duft í skömmtuðu magni, sem búið hefur verið um í pappír eða öðru hæfu efni.
Skammtur er ætlaður til inntöku, hugsanlega eftir að hafa verið leystur í eða blandaður öðru efni.
Ef magn virks innihaldsefnis í skammti er lítið, er laktósa eða annað hæft fylliefni notað við framleiðslu á lyfjaforminu.
Sjá Duft.

Skeiðarfroða, sjá Krem.

Skeiðarhlaup, sjá Hlaup.

Skeiðarkrem, sjá Krem.

Skeiðarstílar (Vagitorier/Emätinpuikkoa)
Skeiðarstíll er skammtað lyfjaform, ætlað til að stinga í skeið (fæðingarveg; vagina).
Skeiðarstíll er framleiddur með viðeigandi lögun með pressun eða steypun.

Skeiðarsvampar, sjá Svampar.

Skolvökvi (Skyllevæske/Spolvätska/Huuhteluneste)
Latneskt heiti: Irrigabilia; sjá C. hluta reglugerðar þessarar.
Skolvökvi er fljótandi lyfjaform, ætlað til að skola m.a. sár, þvaggöng, skurðarhol eða líkamshol, t.d. kviðar- og brjósthol.

Smyrsli (Salva/Voide)
Smyrsli er lyfjaform, ætlað til útvortis notkunar. Það er mjúkt og hálffast við stofuhita.
Setja skal rotvarnarefni í smyrsli, sem mikil hætta er á, að örverugróður þrífist í.
Smyrsli, ætluð til að bera í eyru, nef, munn, endaþarm eða skeið, nefnast eyrnasmyrsli (öresalve/öronsalva/korvavoide), nefsmyrsli (næsesalva/nenävoide), munnsmyrsli (mundsalve/munnsalva/suuvoide), endaþarmssmyrsli (rektalsalva/rektaalivoide), skeiðarsmyrsli (vaginalsalve/emätinvoide).
Sjá Hlaup, Krem, Pasta.

Spenalyf (Intramammarier/Intramammaaria)
Spenalyf er venjulega skammtað lyfjaform, ætlað dýrum, til þess að setja í mjólkurkirtil í gegnum spenagang.
Spenalyf skulu vera í umbúðum með viðeigandi spenanálum (kanyler).

Stifti (Stift/Puikkoa)
Stifti er fast lyfjaform, staf- eða keilulaga, ætlað til að bera á tiltekinn líkamsstað og hafa þar staðbundna verkun. Stifti, ætluð til að bera í nef eða á tennur, nefnast nefstifti (næsestift/nenäpukkoa), tannstifti (dentalstift/hamaspuikkoa).
Ath. Skilgreining nær einnig yfir bacilli, styli.

Stráduft (Pudder/Puder/Puuteri)
Stráduft er fast lyfjaform, ætlað til að strá á húð, slímhúð eða sár.
Stráduft í íláti undir þrýstingi nefnist úðaduft (aerosolpudder/aerosolpuder/aerosolipuuteri).
Sjá Duft.

Stungulyf (Injektionsvätska/Injektioneste)
Stungulyf er fljótandi lyfjaform, ætlað til inndælingar í líkamann í gegnum húð, slímhimnu eða vessahimnu.
Setja skal rotvarnarefni í stungulyf, sem er vantslausn eða vatnsdreifa, ef lyfið hefur ekki nægilega sýklaheftandi verkun og er í íláti, sem inniheldur fleiri en einn skammt.
Sjá Stungulyfsstofn, Stungulyfsþykkni.

Stungulyfsstofn (Injektionssubstans/Injektiokuiva-aine)
Stungulyfsstofn er lyf í föstu formi, ætlað til framleiðslu á stungulyfi.
Ath. Séu umbúðir mjög smáar, má í stað orðsins stungulyfsstofn merkja umbúðirnar t.d. ad inj.
Sjá Stungulyf.

Stungulyfsþykkni (Injektionskoncentrat/Injektiokonsentraatti)
Stungulyfsþykkni er lyf í fljótandi formi, sem ætlað er til framleiðslu á stungulyfi.
Stungulyfsþykkni, sem eru lausnir, eiga að vera tær og agnalaus. Stungulyfsþykkni, sem eru fleyti (emulsionir), mega ekki skilja sig í lög (fasa) og skulu vera einslaga (homogen) eftir að þau hafa verið hrist. Ílát undir stungulyfsþykkni skulu vera úr þannig efni, að hægt sé að sjá, hvort lausn er tær og fleyti einslaga.
Setja skal rotvarnarefni í stungulyfsþykkni, sem eru vatnslausnir eða vatnsdreifur, ef lyfið hefur ekki nægilega sýklaheftandi verkun og er í íláti, sem inniheldur fleiri en einn skammt.
Sjá Stungulyf.

Svampar (Tamponger/Tamponer/Tamponia)
Svampur er fast, skammtað lyfjaform, ætlað til að stinga í ýmis líkamshol. Svampar eru framleiddir á þann hátt, að gegndreypa svamp úr hæfu efni (gerfiefni) með lausn af lyfinu, og láta leysi síðan gufa upp.
Svampar, ætlaðir til að stinga í skeið (fæðingarveg, vagina), nefnast skeiðarsvampar (vaginaltampong/emätintamponi).
Svampar, ætlaðir til að stinga í endaþarm, nefnast endaþarmssvampar (rektaltampong/rektaliitamponi).

Sýruhjúphylki (Enterokapsler/Enterokapslia)
Sýruhjúphylki er skammtað lyfjaform til inntöku, þar sem lyfinu er ætlað að frásogast frá þörmum. Sýruhjúphylki er framleitt með himnu, sem hindrar losun lyfs í maga.
Sjá Hylki.

Sýruhjúpkyrni (Enterogranulat/Enterorakeita)
Sýruhjúpkyrni er fast lyfjaform til inntöku, þar sem lyfinu er ætlað að frásogast frá þörmum.
Sýruhjúpkyrni er framleitt með himnu, sem hindrar losun lyfs í maga.
Hæfilegur skammtamælir (t.d. mæliskeið, mælistaup) skal fylgja hverri pakkningu sýruhjúpkyrnis.
Sjá Kyrni.

Sýruhjúptöflur (Enterotabletter/Enterotablettia)
Sýruhjúptöflur er skammtað, fast lyfjaform til inntöku, þar sem lyfinu er ætlað að frásogast frá þörmum. Sýruhjúptafla er framleidd með himnu, sem hindrar losun lyfs í maga. Sjá Töflur.

Tannstifti, sjá Stifti.

Töflur (Tabletter/Tablettia)
Tafla er skammtað, fast lyfjaform, ætlað til inntöku. Lyfi er ætlað að frásogast frá maga og/eða þörmum strax og tafla hefur sundrast og/eða hafa staðbundna verkun í maga eða þörmum. Töflur eru venjulega framleiddar með pressun og geta verið húðaðar.
Töflur, sem eru hnöttóttar, má nefna pillur (piller/ pilleriä).
Sjá Forðatöflur, Freyðitöflur, Munnsogtöflur, Sýruhjúptöflur, Tuggutöflur, Tungurótartöflur.

Tuggutöflur (Tuggtabletter/Tyggetabletter/Purutablettia)
Tuggutafla er skammtað, fast lyfjaform, sem skal tyggja áður en því er kyngt.
Sjá Töflur.

Tungurótarhylki
Tungurótarhylki er skammtað, fast lyfjaform, sem venjulega er sett undir tungu. Lyfi er ætlað að frásogast frá munnholi.
Sjá Hylki.

Tungurótartöflur (Resoribletter/Resoriblettia)
Tungurótartafla er skammtað, fast lyfjaform, sem venjulega er sett undir tungu. Lyfi er ætlað að frásogast frá munnholi.
Sjá Töflur.

Úðaáburður, sjá Áburður.

Úðaduft, sjá Stráduft.

Vefjatöflur (Implantabletter/Implantablettia)
Vefjatafla er skammtað, fast lyfjaform. Vefjatafla er ætluð til íkomu í vef.

Þynningarlausn
Þynningarlausn er fljótandi lyfjaform, sem inniheldur eitt eða fleiri efni leyst í hæfum leysi, og ætlað er til þynningar fyrir notkun. Þynningarlausn er oftast ætluð til útvortis notkunar.
Ath. Heitið þynningarlausn skal einungis nota um lyfjaform, ef annað heiti hæfir ekki. Á íláti skulu fylgja upplýsingar um notkun þynningarlausnarinnar.
Sjá Lausn.

VIÐAUKI 7:
Skrá yfir lyfjaefni og skráð sérlyf (pr. 1. júlí 1988), sem geta skert hæfni manna til aksturs bifreiða og/eða stjórnunar annarra véla, og skulu því merkt varúðarþríhyrningi, sbr. C.hluta þessarar reglugerðar 57. gr. h-staflið; sbr. einnig viðauka 5 (um XVII. kafla (57. gr. h-staflið)).
Skránni, sem ekki er tæmandi, er skipt í 4 hluta:

a: ATC-flokkar (Anatomical-Therapeutical-Chemical-Classification); sbr. flokkun lyfja í Sérlyfjaskrá.
b: Listi yfir skráð sérlyf í stafrófsröð og lyfjaform þeirra (1. júlí 1988).
c: Virk lyfjaefni í stafrófsröð, bæði með íslenskum og latneskum rithætti (INN-nöfn).
d: Listi yfir algeng lyf, sem innihalda meira en 10% etanól (w/v).

Lyf, sem flutt eru inn skv. ákvæðum 8. gr. lyfjalaga nr. 108/1984 og afgreidd eru í apótekum, skulu merkt varúðarþríhyrningi með hliðsjón af öðrum lyfjum og lyfjaefnum í sömu ATC-flokkum. Sama máli gegnir um forskriftarlyf lækna (ordinatio magistralis).

a. ATC-flokkar; sbr. flokkun lyfja í Sérlyfjaskrá.

A 03	Krampalosandi lyf og andkólínerg lyf (spasmolytica og anticholinergica)	
A 03 C	Blöndur með geðlyfjum (psycoleptica)	
A 03 C A	*Samtengd lyf, þ.á m. papaverín, blandað geðlyfi*	
	02 Klídín og geðlyf	LIBRAX, „Roche", töflur (inniheldur klórdíazepoxíð).
A 03 C B	*Belladonna og afbrigði þess, blandað geðlyfi**	
A 04	Lyf við uppköstum (antiemetica) og lyf við klígju (antinausea)	
A 04 A	Lyf við uppköstum og lyf við klígju	
A 04 A D	Ýmis lyf við uppköstum	
	01 Skópólamín	SCOPODERM, „Ciba-Geigy", forðaplástur.
A 07	Stoppandi lyf (antidiarrhoica), lyf gegn þarmasýkingum og þarmabólgum	
A 07 D	Lyf, sem draga úr þarmahreyfingum	
A 07 D A	*Lyf, sem draga úr þarmahreyfingum*	
	02 Ópíum*	
	52 Morfín í blöndu með öðrum efnum*	
A 08	Lyf við offitu, önnur en lystarhemjandi lyf (anorexica)*	
A 08 A	Lyf við offitu, önnur en lystarhemjandi lyf*	
A 08 A A	*Lyf við offitu, sem verka á miðtaugakerfið**	
	01 Fentermín*	
M 03	Vöðvaslakandi lyf	
M 03 B	Lyf, sem hafa miðlæg áhrif	

M 03 B A	*Karbamínsýruestrar af ein- eða fleirgildum alkóhólum*	
	01 Fenpróbamat	GAMAQUIL, „Pharmacia“, töflur.
	02 Karísópródól	SOMADRIL, „Dumex“, töflur.
	03 Metókarbamól	TRESORTIL, „Gea“, töflur.
	51 Fenpróbamat í blöndum, þó ekki með geðlyfjum*	
	52 Karísópródól í blöndum, þó ekki með geðlyfjum	SOMADRIL COMP., „Dumex“, töflur (inniheldur paracetamól og koffein).
	53 Metókarbamól í blöndum, þó ekki með geðlyfjum*	
M 03 B B	*Oxazól-,tíazín-, tríazínafbrigði*	
	02 Klórmezanón	TRANCOPAL, „Winthrop“, töflur.
	03 Klórzoxazón*	
	52 Klórmezanón í blöndum, þó ekki með geðlyfjum	LOBAC, „Winthrop“, töflur (inniheldur paracetamól).
	53 Klórzoxazón í blöndum, þó ekki með geðlyfjum*	
M 03 B C	*Etrar, efnafræðilega skyldir andhistamínum*	
	01 Orfenadrín	NORFLEX, „Riker“, forðatöflur.
	51 Blönduð orfenadrínlyf	NORGESIC, „Riker“, töflur (inniheldur paracetamól).
M 03 B X	*Önnur lyf*	
	01 Baklófen	LIORESAL, „Ciba-Geigy“, töflur.
N 02	Verkjalyf (analgetica)	
N 02 A	Sterk verkjalyf (narcotica)	
N 02 A A	*Morfín og morfínafbrigði*	
	01 Morfín	CONTALGIN, „Pharmacia“, forðatöflur.
		MORFÍNKLÓRÍÐ, „Lyfjaverslun ríkisins“, stungulyf.
	02 Ópíum*	MORFÍNKLÓRÍÐ EPIDÚRAL, „Lyfjaverslun
	03 Hýdrómorfón*	ríkisins“, stungulyf.
	04 Níkómorfín*	
	05 Oxýkódón*	
N 02 A B	*Fenýlpíperídínafbrigði*	
	01 Ketóbemídón*	
	02 Petidín	PETIDÍNKLÓRÍÐ, „Lyfjaverslun ríkisins“, stungulyf.
N 02 A C	*Dífenýlprópýlamínafbrigði*	
	01 Dextrómóramíð*	
	02 Metadón	METADÓNKLÓRÍÐ, „Lyfjaverslun ríkisins“, stungulyf.
	04 Dextróprópoxyfen	ABALGIN, „AB“, hylki
N 02 A D	*Benzómorfanafbrigði*	
	01 Pentazócín	FORTRAL, „Winthrop“, endaþarmsstílar, stungulyf, töflur.
N 02 A E	*Órípavínafbrigði*	
	01 Búprenorfín	TEMEGISIC, „Reckitt & Colman“, stungulyf.
N 02 A G	*Ópíöt og ópíumsalkafóíðar; einnig í blöndum með krampalosandi lyfjum (spasmolytica)**	

N 02 B	Önnur verkjalyf og hitalækkandi lyf (antipyretica)	
N 02 B A	*Salicýlsýruafbrigði ein og blönduð*	
	71 Acetýlsalicýlsýra í í blöndum með geðlyfjum (psycholeptica)	DOLYL, „Lyfjaverslun ríkisins“, endaþarmsstílar, töflur (inniheldur fenóbarbítal, kodeín og koffein). KÓDÍMAL, „Tóró“. töflur (inniheldur fenóbarbítal, koffein, kódeín og [illegible]oxíð).
N 02 B E	*Anilíðar, einnig í blöndum*	
	71 Paracetamól í blöndum með geðlyfjum	DOLVIPAR, „Delta“, endaþarms-stílar, töflur (inniheldur fenóbarbital, koffein og kódeín).
N 02 C	Mígrenilyf	
N 02 C A	*Sekalealkalóíðar*	
	52 Blönduð ergótamínlyf	ANERVAN, „KabiVitrum“, töflur (inniheldur klórcýklízín, koffein og mepróbamat). GYNERGEN COMP., „Sandoz“, endaþarmsstílar (inniheldur bellafólín, koffein og bútalbítal (alísóbúmal)).
N 03	Flogaveikilyf (antiepileptica)	
N 03 A	Flogaveikilyf	
N 03 A A	*Barbitúrsýrusambönd*	
	01 Metýlfenóbarbítal (Enphenemalum)*	
	02 Fenóbarbítal (fenemal)	FENEMAL, „Delta“, töflur.
N 03 A B	*Hýdantóínafbrigði*	
	02 Fenýtóín	EPANUTIN, „Parke-Davis“, stungulyfsstofn. FENÝTÓÍN, „Lyfjaverslun ríkisins“, töflur.
N 03 A D	*Súxínímíðafbrigði*	
	01 Etósúxímíð	ZARONDAN, „Parke-Davis“, hylki.
N 03 A E	*Benzódíazepínafbrigði*	
	01 Klónazepam	RIVOTRIL, „Roche“, stungulyfsþykkni, töflur.
N 03 A X	*Ýmis lyf*	
	01 Karbamazepín	TEGRETOL, „Ciba-Geigy“, töflur.
	02 Prímídón	TEGRETOL RETARD, „Ciba-Geigy“, forðatöflur
	03 Súltíam	MYSOLINE, „ICI“, töflur.
	04 Natríumvalpróat	OSPOLOT, „Bayer“, töflur. DÉPAKINE, „Labaz“, mixtúra, sýruhjúptöflur. ORFIRIL, „Rhone-Poulenc“, mixtúra, sýruhjúptöflur.
N 05	Geðlyf (psycholeptica)	
N 05 B	Róandi lyf (tranquilizers)	

N 05 B A	*Benzódíazepínafbrigði*	
	01 Díazepam	DÍAZEPAM, „Delta“, töflur.
		DÍAZEPAM, „Lyfjaverslun ríkisins“, töflur.
		DÍAZEPAM, „Tóró“, töflur.
		STESOLID, „Dumex“, endaþarmsstílar, innhellislyf, stungulyf, töflur.
		STESOLID NOVUM, „Dumex“, stungulyf.
		VALIUM, „Roche“, stungulyf, töflur.
	02 Klórdíazepoxíð	KLÓRDÍAZEPOXÍÐ, „Delta“, töflur.
		KLÓRDÍAZEPOXÍÐ, „Lyfjaverslun ríkisins“, töflur.
		LIBRIUM, „Roche“, stungulyfsstofn, töflur.
	03 Medazepam*	
	04 Oxazepam	SEREPAX, „Ferrosan“, töflur.
		SOBRIL, „KabiVitrum“, töflur.
	08 Brómazepam	LEXOTAN, „Roche“, töflur.
	12 Alprazólam	TAFIL, „Upjohn“, töflur.
N 05 B B	*Dífenýlmetanafbrigði**	
	01 Hýdroxýzín*	
N 05 B C	*Glýkólafbrigði**	
	01 Mepróbamat*	
	02 Emýlkamat*	
N 05 C	Svefnlyf (hypnotica og sedativa)	
N 05 C A	*Barbitúrsýrusambönd*	
	01 Pentóbarbitalum (Mebumalum)	MEBÚMALNATRÍUM, „Delta“, töflur.
	02 Amóbarbítal (Pentymalum)*	
	03 Bútóbarbítal*	
	04 Barbítal (Diemalum)*	
	05 Apróbarbítal (Allypropymalum)*	
	06 Sekóbarbítal (Meballymalum)*	
	10 Cýklóbarbítal (Hexemalum)*	
	11 Heptabarbítal (Heptamalum)*	
	16 Hexóbarbítal (Enhexymalum)*	
	19 Tíópental (Thiomebumalum)*	
	20 Etallobarbitalum (Aethallymalum)*	
	21 Allóbarbítal (Diallymalum)*	
N 05 C B	*Barbitúrsýrusambönd í blöndum*	
	01 Blöndur barbitúrsýrusambanda*	
	02 Barbitúrsýrusambönd í blöndum með öðrum efnum	BELLERGAL, „Sandoz“, töflur (inniheldur fenóbarbital (fenemal), bellafólín og ergótamíntartrat).
		BELLERGAL RETARD, „Sandoz“, forðatöflur (inniheldur fenóbarbital (fenemal), bellafólín og ergótamíntartrat).

N 05 C C	*Aldehýð og afbrigði*	
	01 Klóralhýdrat*	
	02 Klóralódól	MECHLORAL, „Dumex“, töflur.
	03 Acetýlglýcínamíð-klóralhýdrat	ANSOPAL, „AB Ferrosan“, töflur.
N 05 C D	*Benzódíazepínafbrigði*	
	01 Flúrazepam	DALMADORM, „Roche“, hylki.
	02 Nítrazepam	DUMOLID, „Dumex“, töflur.
		MOGADON, „Roche“, töflur.
		PACISYN, „Syntetic“, töflur.
	03 Flúnítrazepam	ROHYPNOL, „Roche“, töflur.
	05 Tríazólam	ASEPÍN, „Tóró“, töflur.
		HALCION, „Upjohn“, töflur.
	08 Mídazólam	TRÍON, „Delta“, töflur.
		DORMICUM, „Roche“, stungulyf.
N 05 C M	*Ýmis lyf*	
	01 Metakvalón*	
	02 Klómetíazól*	
	03 Brómísóval*	
	04 Karbrómal*	
	05 Skópólamín*	
N 06	Geðlyf (psychoanaleptica)	
N 06 B	Örvandi lyf (psychostimulantia)	
N 06 B A	*Fenprómínhópurinn (amfetamín)**	
	01 Amfetamín*	
N 06 B B	*Tvíhringlaga sambönd (bicýklísk)*	
	01 Metýlfenídat	RITALIN, „Ciba-Geigy“, töflur.
	02 Pemólín	HYTON ASA, „Pharmacia“, töflur.
R 05	Hósta- og kveflyf	
R 05 C	Slímlosandi lyf (expectorantia), nema blöndur með hóstastillandi lyfjum (antitussiva)	
R 05 C A	*Slímlosandi lyf, nema slímþynnir (mucolytica)*	
	10 Blöndur	BENYLIN EXPECTORANT, „Parke-Davis“, mixtúra (inniheldur dífenhýdramín, ammóníumklóríð og mentól).
		PEKTÓLÍN, „Delta“, mixtúra (inniheldur dífenhýdramín og ammóníumklóríð).
R 05 D	Hóstastillandi lyf (antitussiva), nema blöndur með slímlosandi lyfjum (expectorantia)	
R 05 D A	*Ópíumalkalóíðar og afbrigði*	
	01 Etýlmorfín*	
	03 Hýdrókódón (Hydroconum)*	
	04 Kódeín	KÓDEÍN, „Delta“, töflur.
	05 Ópíumalkalóíðar með morfíni*	
	08 Folkódín*	
	10 Tebakón*	
R 05 D B	*Hóstastillandi lyf (antitussiva), efnafræðilega skyld staðdeyfilyfjum (local anaestetica) og/eða krampalosandi lyfjum (spasmolytica)*	
	02 Benpróperín	PIREXYL, „Pharmacia“, mixtúra, töflur.
	20 Blöndur	PARADRYL MED EFEDRIN, „Ferrosan“, mixtúra (inniheldur 2-(dífenýlmetoxý-N,N,N-trímetýletýlammóníumbrómíð, efedrín og ammóníumklóríð).

R 01	*Neflyf (rhinologica)*	
R 01 B	*Neflyf til inntöku*	
R 01 B A	*Adrenerg lyf*	
	01 Fenýlprópanólamín	RINEXIN, „Mekos“, mixtúra, forðatöflur.
	51 Fenýlprópanólamín í blöndum	LUNERIN, „Draco“, forðatöflur, mixtúra (inniheldur brómfeníramín).
R 05 F	Hóstastillandi (antitussiva) og slímlosandi lyf (expectorantia) í blöndum	
R 05 F A	*Ópíumafbrigði og slímlosandi lyf*	
R 06	Ofnæmislyf (antihistaminica)	
R 06 A	Ofnæmislyf, nema útvortis lyf	
R 06 A A	*Amínóalkýletrar*	
	02 Difenhýdramín*	
	04 Klemastín	MASTERÍN, „Tóró“, töflur.
		TAVEGYL, „Sandoz“, stungulyf, töflur.
	52 Difenhýdramín í blöndum	KOFFÍNÁTÍN, „Tóró“, töflur (inniheldur koffein).
R 06 A B	*Alkýlamín, súbstítúeraðar*	
	02 Dexklórfeníramín	POLARAMIN, „Essex“, forðatöflur, töflur.
R 06 A C	*Etýlen- og própýlenafbrigði**	
	01 Mepýramín*	
R 06 A D	*Fentíazínafbrigði*	
	01 Alímemazín	VALLERGAN, „Rhone-Poulenc“, töflur.
	02 Prómetazín	PHENERGAN, „Rhone-Poulenc“, mixtúra, stungulyf, töflur.
	03 Tíetýlperazín	TORECAN, „Sandoz“, endaþarmsstílar, stungulyf, töflur.
R 06 A E	*Píperazínafbrigði*	
	04 Klórcýklízín	TRIHISTAN, „Gea“, töflur.
	05 Meklózín	NEVÓMÍN, „Delta“, endaþarmsstílar, töflur.
		POSTAFEN, „UCB“, endaþarmsstílar, töflur.
R 06 A K	*Blöndur ofnæmislyfa**	
R 06 A X	*Ýmis lyf*	
	02 Cýpróheptadín	PERIACTIN, „MSD“, mixtúra, töflur.

b. Listi yfir skráð sérlyf og lyfjaform (1. júlí 1988):

ABALGIN, hylki
ANERVAN, töflur
ANSOPAL, töflur
ASEPÍN, töflur
BELLERGAL, töflur
BELLERGAL RETARD, forðatöflur
BENYLIN EXPECTORANT, mixtúra
CONTALGIN, forðatöflur
DALMADORM, hylki
DÉPAKINE, mixtúra, sýruhjúptöflur
DÍAZEPAM, töflur (Delta)
DÍAZEPAM, töflur (Lyfjaverslun ríkisins)
DÍAZEPAM, töflur (Tóró)
DOLVIPAR, endaþarmsstílar, töflur
DOLYL, endaþarmsstílar, töflur
DORMICUM, stungulyf
DUMOLID, töflur
EPANUTIN, stungulyfsstofn
FENEMAL, töflur
FENÝTÓÍN, töflur
FORTRAL, endaþarmsstílar, stungulyf, töflur
GAMAQUIL, töflur
GYNERGEN COMP., endaþarmsstílar
HALCION, töflur

HYTON ASA, töflur
KLÓRDÍAZEPOXÍÐ, töflur (Delta)
KLÓRDÍAZEPOXÍÐ, töflur (Lyfjaverslun ríkisins)
KOFFÍNÁTÍN, töflur
KÓDEÍN, töflur
KÓDÍMAL, töflur
LEXOTAN, töflur
LIBRAX, töflur
LIBRIUM, stungulyfsstofn, töflur
LIORESAL, töflur
LOBAC, töflur
LUNERIN, forðatöflur, mixtúra
MASTERÍN, töflur
MEBÚMALNATRÍUM, töflur
MECHLORAL, töflur
METADÓNKLÓRÍÐ, stungulyf
MOGADON, töflur
MORFÍNKLÓRÍÐ, stungulyf
MORFÍNKLÓRÍÐ EPIDÚRAL, stungulyf
MYSOLINE, töflur
NEVÓMÍN, endaþarmsstílar, töflur
NORFLEX, forðatöflur,
NORGESIC, töflur
ORFIRIL, mixtúra, sýruhjúptöflur
OSPOLOT, töflur
PACISYN, töflur
PARADRYL MED EFEDRIN, mixtúra
PEKTÓLÍN, mixtúra
PERIACTIN, mixtúra, töflur
PETIDÍNKLÓRÍÐ, stungulyf
PHENERGAN, mixtúra, stungulyf, töflur
PIREXYL, mixtúra, töflur
PLAQUENIL, töflur
POLARAMIN, forðatöflur, töflur
POSTAFEN, endaþarmsstílar, töflur
RINEXIN, forðatöflur, mixtúra
RITALIN, töflur
RIVOTRIL, stungulyfsþykkni, töflur
ROHYPNOL, töflur
SCOPODERM, forðaplástur
SEREPAX, töflur
SOBRIL, töflur
SOMADRIL, töflur
SOMADRIL COMP., töflur
STESOLID, endaþarmsstílar, innhellislyf, stungulyf, töflur
STESOLID NOVUM, stungulyf
TAFIL, töflur
TAVEGYL, stungulyf, töflur
TEGRETOL, töflur
TEGRETOL RETARD, forðatöflur
TEMGESIC, stungulyf
TORECAN, endaþarmsstílar, stungulyf, töflur
TRANCOPAL, töflur
TRÍON, töflur
TRESORTIL, töflur
TRIHISTAN, töflur
VALIUM, stungulyf, töflur
VALLERGAN, töflur
ZARONDAN, hylki

c. Virk lyfjaefni í stafrófsröð, bæði með íslenskum og latneskum rithætti (INN-nöfn):

Acetýlglýcínamíðklóralhýdrat, sjá Klóralhýdrat
Aethallymalum NFN (Etallýmal)
Aethylmorphinum (Etýlmorfín)
Alimemazinum INN (Alímemazín)
Alímemazín (Alimemazinum INN)
Allobarbitalum INN (Allóbarbítal, Diallymalum)
Allóbarbítal (Allobarbitalum INN, Diallymalum)
Allypropymalum, sjá Apróbarbítal
Alprazolamum INN (Alprazólam)
Alprazólam (Alprazolamum INN)
Amfetaminum INN (Amfetamín)
Amfetamín (Amfetaminum INN)
Amobarbitalum INN (Amóbarbítal, Pentymalum)
Amóbarbítal (Amobarbitalum INN, Pentymalum)
Aprobarbitalum INN (Apróbarbítal, Allypropymalum)
Apróbarbítal (Aprobarbitalum INN, Allypropymalum)

Baclofenum INN (Baklófen)
Baklófen (Baclofenum INN)
Barbitalum INN (Barbítal, Diemalum)
Barbítal (Barbitalum INN, Diemalum)
Benproperinum INN (Benpróperín)
Benpróperín (Benproperinum INN)
Bromazepamum INN (Brómazepam)
Bromisovalum INN (Brómísóval)
Brómazepam (Bromazepamum INN)
Brómísóval (Bromisovalum INN)
Buprenorphinum INN (Búprenorfín)
Butobarbitalum (Bútóbarbítal)
Búprenorfín (Buprenorphinum INN)
Bútóbarbítal (Butobarbitalum)

Carbamazepinum INN (Karbamazepín)
Carbromalum INN (Karbrómal)
Carisoprodolum INN (Karísópródól)
Cetobemidonum INN (Ketóbemídón)
Chlorali hydras (Klóralhýdrat)
Chloralodolum INN (Klóralódól)
Chlorcyclizinum INN (Klórcýklízín)
Chlordiazepoxidum INN (Klórdíazepoxíð)
Chlormezanonum INN (Klórmezanón)
Chlorzoxazonum INN (Klórzoxazón)
Clemastinum INN (Klemastín)
Clomethiazolum INN (Klómetíazól)
Clonazepamum INN (Klónazepam)
Codeinum (Kódeín)
Cyclobarbitalum INN (Cýklóbarbítal, Hexemalum)
Cyproheptadinum INN (Cýpróheptadín)
Cýklóbarbítal (Cyclobarbitalum INN, Hexemalum)
Cýpróheptadín (Cyproheptadinum INN)

Dexchlorpheniraminum INN (Dexklórfeníramín)
Dexklórfeníramín (Dexchlorpheniraminum INN)
Dextromoramidum INN (Dextrómóramíð)
Dextropropoxyphenum INN (Dextróprópoxýfen)
Dextrómóramíð (Dextromoramidum INN)
Dextróprópoxýfen (Dextropropoxyphenum INN)
Diallymalum, sjá Allóbarbítal
Diazepamum INN (Díazepam)
Diemalum, sjá Barbítal
Diphenhydraminum INN (Difenhýdramín)
Díazepam (Diazepamum INN)
Difenhýdramín (Diphenhydraminum INN)

Emylcamatum INN (Emýlkamat)
Emýlkamat (Emylcamatum INN)
Enhexymalum, sjá Hexóbarbítal
Enphenemalum, sjá Metýlfenóbarbítal
Etallýmal (Aethallymalum NFN)
Ethosuximidum INN (Etósúxímíð)
Etósúxímíð (Ethosuximidum INN)
Etýlmorfín (Aethylmorphinum)

Fenóbarbítal (Phenobarbitalum INN, Phenemalum)
Fenpróbamat (Phenprobamatum INN)
Fentanylum INN (Fentanýl)
Fentanýl (Fentanylum INN)
Fentermín (Phenterminum INN)
Fenýlprópanólamín (Phenylpropanolamine BAN)
Fenýtóín (Phenytoinum INN)
Flunitrazepamum INN (Flúnítrazepam)
Flurazepamum INN (Flúrazepam)
Flúnítrazepam (Flunitrazepamum INN)
Flúrazepam (Flurazepamum INN)
Folkódín (Pholcodinum INN)

Heptabarbítón (Heptabarbum INN, Heptamalum)
Heptabarbum INN (Heptabarbítón, Heptamalum)
Heptamalum, sjá Heptabarbítón
Hexemalum, sjá Cýklóbarbítal
Hexobarbitalum INN (Hexóbarbítal, Enhexymalum)
Hexóbarbítal (Hexobarbitalum INN, Enhexymalum)
Hydrocodonum INN (Hýdrókódón, Hydroconum)
Hydroconum, sjá Hýdrókódón
Hydromorphonum INN (Hýdrómorfón)
Hydroxyzinum INN (Hýdroxýzín)
Hýdrókódón (Hydrocodonum INN, Hydroconum)
Hýdrómorfón (Hydromorphonum INN)
Hýdroxýzín (Hydroxyzinum INN)

Karbamazepín (Carbamazepinum INN)
Karbrómal (Carbromalum INN)
Karísópródól (Carisoprodolum INN)
Ketóbemídón (Cetobemidonum INN)
Klemastín (Clemastinum INN)
Klómetíazól (Clomethiazolum INN)
Klónazepam (Clonazepamum INN)
Klóralhýdrat (Chlorali hydras)
Klóralódól (Chloralodolum INN)
Klórcýklízín (Chlorcyclizinum INN)
Klórdíazepoxíð (Chlordiazepoxidum INN)
Klórmezanón (Chlormezanonum INN)
Klórzoxazón (Chlorzoxazonum INN)
Kódeín (Codeinum)

Meballymalum, sjá Sekóbarbítal
Mebumalum, sjá Pentóbarbítal
Meclozinum INN (Meklózín)
Medazepam (Medazepamum INN)
Medazepamum INN (Medazepam)
Meklózín (Meclozinum INN)
Meprobamatum INN (Mepróbamat)
Mepróbamat (Meprobamatum INN)
Mepyraminum INN (Mepýramín)
Mepýramín (Mepyraminum INN)
Metadón (Methadonum INN)
Metakvalón (Methaqualonum INN)
Methadonum INN (Metadón)
Methaqualonum INN (Metakvalón)
Methocarbamolum INN (Metókarbamól)
Methylphenidatum INN (Metýlfenídat)
Methylphenobarbitalum INN (Metýlfenóbarbítal, Enphenemalum)
Metókarbamól (Methocarbamolum INN)
Metýlfenídat (Methylphenidatum INN)
Metýlfenóbarbítal (Methylphenobarbitalum INN, Enphenemalum)
Midazolamum INN (Mídazólam)
Mídazólam (Midazolamum INN)
Morfín (Morphinum)
Morphinum (Morfín)

Natrii valproas (INN) (Natríumvalpróat)
Natríumvalpróat (Natrii valproas (INN))
Nicomorphinum INN (Níkómorfín)
Nitrazepamum INN (Nítrazepam)
Níkómorfín (Nicomorphinum INN)
Nítrazepam (Nitrazepamum INN)

Opium (Ópíum)
Orfenadrín (Orphenadrinum INN)
Orphenadrinum INN (Orfenadrín)
Oxazepam (Oxazepamum INN)
Oxazepamum INN (Oxazepam)
Oxycodonum INN (Oxýkódón)
Oxýkódón (Oxycodonum INN)
Ópíum (Opium)

Pemolinum INN (Pemólín)
Pemólín (Pemolinum INN)
Pentazocinum INN (Pentazócín)
Pentazócín (Pentazocinum INN)
Pentobarbitalum INN (Pentóbarbítal, Mebumalum)
Pentóbarbítal (Pentobarbitalum INN, Mebumalum)

Pentymalum, sjá Amóbarbítal
Pethidinum INN (Petidín)
Petidín (Pethidinum INN)
Phenemalum, sjá Fenóbarbítal
Phenobarbitalum INN (Fenóbarbítal, Phenemalum)
Phenprobamatum INN (Fenpróbamat)
Phenterminum INN (Fentermín)
Phenylpropanolamine BAN (Fenýlpropanólamín)
Phenytoinum INN (Fenýtóín)
Pholcodinum INN (Folkódín)
Primidonum INN (Prímídón)
Prímídón (Primidonum INN)
Promethazinum INN (Prómetazín)
Prómetazín (Promethazinum INN)

Scopolaminum (Skópólamín)
Secobarbitalum INN (Sekóbarbítal, Meballymalum)
Sekóbarbítal (Secobarbitalum INN, Meballymalum)
Skópólamín (Scopolaminum)
Sultiamum INN (Súltíam)
Súltíam (Sultiamum INN)

Tebakón (Thebaconum INN)
Thebaconum INN (Tebakón)
Thiethylperazinum INN (Tíetýlperazín)
Thiomebumalnatrium, sjá Tíópentalnatríum
Thiopentalum natricum INN (Tíópentalnatríum, Thiomebumalnatrium)
Tíetýlperazín (Thiethylperazinum INN)
Tíópentalnatríum (Thiopentalum natricum INN, Thiomebumalnatrium)
Triazolamum INN (Tríazólam)
Tríazólam (Triazolamum INN)

d. Lyf, er innihalda meira en 10% etanól (w/v):

B-Tonicum DD 63
B-tonicum sine saccharo DAK 63
Guttae aneurini Dan 48
Linctus pectoralis norvegicus FDA 50
Liquor cascarae aromaticus DD 63
Liquor pectoralis DD 63
Tonicum DD 63

Önnur lyf og samsetningar, er innihalda meira en 10% etanól.

Nr. 422 26. ágúst 1988

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 187 24. maí 1974 um eftirlit með framleiðslu og verslun með fóðurvörur.

1. gr.

1. mgr. 5. gr. orðist svo:

Þeir sem versla með fóðurvörur skulu ársfjórðungslega greiða eftirlitsgjald til Fóðureftirlitssjóðs, sem er í vörslu Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Eftirlitsgjald af fóðurvörum skal vera: 0,50% af innflutningsverði (c.i.f.) erlendrar kjarnfóðurvöru og steinefna, 0,50% af söluverði innlendrar kjarnfóðurvöru og 0,50% af söluverði grasfóðurvöru (grasmjöl, grasögglar og graskökur). Forstöðumaður fóðureftirlitsins skal leita samþykkis landbúnaðarráðuneytisins til nýrra útgjaldaliða eða meiriháttar útgjalda úr Fóðureftirlitssjóði.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 53 16. maí 1978 um eftirlit með framleiðslu á fóðurvörum, áburði og sáðvörum og verslun með þær vörur, öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 26. ágúst 1988.

Jón Helgason.

Jón Höskuldsson.